



Til góðra verka!

Fréttabréf AFLs Starfsgreinafélags 1. tbl. 2011



Jökulsá á Dal:
Laxagengd illmöguleg
upp fyrir Steinbogann

bls. 23

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttnæmt
vikublað

32. tbl. - 10. árg. - 2011 - Föstudagur 19. ágúst

Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is



Norðfjarðargöng:

*Ekki næstu misseri segir Ögmundur
Jónasson, innanríkisráðherra*

nánar á bls. 2

Meðal efnis:

Vinnubúðir Alcoa ekki fýsilegur kostur sem tímabundin lausn á bráðavanda fangelsismála. **bls. 18** • Austfjarðatröllið 2011. **bls. 10** • Formaður samtaka íslenskra fiskimanna hvetur til veiða utan kvóta. **bls. 27** • Hlið við Hlið – sýning í Húsi Handanna. **bls. 6** • Framkvæmdir við Ysta – Rjúkanda í biðstöðu. **bls. 8** • Hvað felst í Vaxtasamningi Austurlands? **bls. 20 – 21**

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

Ný og betri afgreiðsla á Reyðarfirði

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:

Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 - 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

**Landflutningar
SAMSKIP**

Sama verð um land allt

Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður

- Mosfellsbær Þverholt 2
- Garðabær Kaupúni 3
- Reykjanesbær Fitjar
- Hveragerði Sunnumörk
- Selfoss Austurvegur

- Egilsstaðir Miðvangur
- Akureyri Langholt & Kjarnagata
- Ísafjörður Ljónið, Skeið
- Stykkishólmur Borgarbraut
- Borgarnes Digranesgata
- Akranes Smiðjuvellir



BONUS BÝÐUR BETUR

Göngin ekki á dagskrá næstu misseri

Í síðasta tölublaði ræddi Austur-glugginn við Kristján L. Möller, þingmann Samfylkingarinnar, vegna þeirrar óvissu sem ríkir um gerð Norðfjarðarganga. Í blaðinu sagði Kristján að Ögmundur fari gegn vilja þingsins og ríkisstjórnarinnar með því að slá Norðfjarðargöng út af borðinu. Ögmundur vísar þessum ásökunum Kristjáns á bug og bendir á að ekki séu til fjármunir fyrir gerð ganganna og það ætti Kristján að vita þar sem hann hafi samþykkt að taka göngin af dagskrá í bili. Kristján mun hinsvegar ekki setta sig við frekari tafir eins og kom fram í blaðinu.

Peningurinn er ekki til

Ögmundur segist hafa fullan skilning með heimamönnum um það hversu brýnt er að fara í gerð Norðfjarðarganga sem fyrst. „Ég tel Norðfjarðargöng vera mjög arðvæna framkvæmd og tvímælalaust á dagskrá en spurningin er hvenær. Það er allveg ljóst að það verður ekki ráðist í gerð Norðfjarðarganga á næstu misserum, einfaldlega vegna þess að það eru ekki til fjármunir fyrir því. Þetta er nokkuð sem menn þurfa að horfast í augu við og ég tel það óábyrgt að vekja falsvonir hjá fólki þegar að staðreyndirnar tala sínu máli á eins skýran hátt og mögulegt er. Vegagerðin og þeir sem hafa reynslu af svona mannvirkjagerð eru sammála um að við eigum ekki að byrja á svona framkvæmd nema endalok þeirra séu í augnsýn“ segir Ögmundur.

Aðspurður út í það hvort Norðfjarðargöng séu á útleið úr samgönguáætlun vildi Ögmundur ekki ganga svo langt en sagði að ráðuneytið væri að vega og meta það hvernig þeim stórfamkvæmdum sem kunna að vera á dagskrá yrði stillt upp. „Þar eru Norðfjarðargöng vissulega inn í myndinni en við erum að horfa til allra landshluta. Sá er munur á Vestfjörðum og öðrum landslutum að þar er víða hreinlega ekki hægt að komast leiða sinna og til þess þurfum við að horfa“ segir Ögmundur.

Engin yfirvofandi hætta sökum grjóthruns

Hvað varðar grjóthrun og þá umræðu um að hætta sé í göngunum segir Ögmundur að hann hafi verið fullvissaður um að af grjóthruni stafi ekki yfirvofandi hætta þar sem öryggisnetið eigi að fanga allt grjót. „Hinsvegar er það orðið ljóst að Oddskarðsgöngin eru barn síns tíma með öllum þeim óþægindum sem þar eru en þetta er veruleikinn sem við búum því miður við“ segir Ögmundur. Hann ítrekar að farið sé reglulega yfir öryggisþætti Norðfjarðarganga sem og annarra samgöngumannnvirkja.

Engin svik

Aðspurður út í þau ummæli Kristjáns að hann væri að fara gegn vilja Alþingis og svikja þær samþykktir sem lögju fyrir sagði Ögmundur að hann væri „ekki að svikja Kristján Möller því hann tók þátt í atkvæðagreiðslu um málið þar sem hann felldi út fjárheimildir til Norðfjarðarganga. Þannig að svikin eru þá gagnvart einhverjum öðrum en honum.“ Þar mun Ögmundur vera að vísa til atkvæðagreiðslu núgildandi fjárlaga og þær gilda umfram þingsályktanir um samgöngumál.

Vísið á fjármunina!

Ögmundur segir að Kristján og aðrir þeir sem taka þátt í þessari umræðu

verði að vísa á fjármunina sem eigi að nota í framkvæmdina, máli sínu til stuðnings. „Annars er ekki hægt að taka þá alvarlega sem slá út í loftið fullyrðingum um svik um framkvæmdir sem hefðu getað orðið ef aðstæður væru aðrar. Erum við virkilega ekki kominn í annað umhverfi en þetta?“ spyr Ögmundur. Hann efast ekkert um að þingmenn kjördæmisins, þar á meðal Kristján Möller, séu kappsamir um að koma á samgöngubótum í sínu kjördæmi eins fljótt og auðið er og „ég ber fulla virðingu fyrir því en hinu ber ég enga virðingu fyrir þ.e.a.s. að segja að eitthvað sé sem er ekki, það heyrir bara til löngu liðinnar tíðar“ sagði Ögmundur að lokum.

Viðhaldsskoðun Oddskarðsganga

Það vakti athygli vegfarenda um Oddskarðsgöng síðastliðið þriðjudagskvöld að talsvert var um grjót meðfram gangaveggjum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni stafar grjótið af því að um reglubundna viðhaldsskoðun Vegagerðarinnar var að ræða þar sem gangaveggirnir eru kannaðir. Verið er að kanna öll göng á landinu og ákveðið að byrja á Oddskarðsgöngum m.a. vegna fjölmiðlaumfjöllunar undanfarið og vaxandi umræðu um að hætta stafi af grjóthruni.

Gísli Einarsson, starfsmaður Vegagerðarinnar, fór inn í göngin ásamt gangasérfræðingi. Hann segir að engin hætta sé á ferðum vegna grjóthruns og í reglubundinni viðhaldsskoðun líkt og nú sé í gangi eru bergveggirnir kannaðir. Það er gert með því að athuga ákveðin svæði og það grjót hreinsað burt sem sé laust. Hann segir að það sé ekki óálengt að berg sé laust í gangaveggjum eins og Oddskarðsgöngum sérstaklega þar sem veggirnir eru ómeðhöndlaðir að mestu leiti en



ekki sprautaðir líkt og gert er t.d. í Fáskrúðsfjarðargöngum. Í sumum tilfellum eru settir bergboltar þar sem bergið er laust til að tryggja það að bergið losni ekki frekar. Hann segir að göngin séu vissulega farin að veðrast enda gömul og skoðun leiddi í ljós að ástæða sé til þess að skoða ákveðna staði í göngunum

frekar en ítrekaði að engin hætta væri á ferðum.

Hvað varðar umferðarteppuna um verslunarmannahelgina í göngunum segir Gísli að ýmsar úrlausnir séu til skoðunar og vel ætti að vera hægt að koma í veg fyrir slíkt á þeim álagspunktum sem vitað er að kunni að koma upp.

Stefnir í verkfall leikskólakennara

Allt útlit er fyrir að verkfall leikskólakennara hefjist 22. ágúst næstkomandi. Skömmu áður en blaðið fór í prentun á miðvikudagskvöld sagði Haraldur F. Gíslason, formaður félags leikskólakennara, að enginn fundur hefði verið boðaður í kjaradeilunni og því allt útlit fyrir að leikskólakennarar færu í verkfall á mánudaginn.

Hinsvegar hefðu verið boðaðir fundir til að fjalla um þann ágreining sem kominn er upp varðandi það hvernig sveitarfélög geti staðið að opnun leikskóla komi til verkfalls leikskólakennara. Svo virðist sem samband sveitarfélaga telji að ekki þurfi að koma til lokana á deildum þó svo að deildarstjórar leikskóla fari í verkfall. Haraldur segir að félagsmenn í sínu félagi muni koma í veg fyrir slíkt enda telji félagið

það skýlaust brot á verkfallsrétti leikskólakennara.

Opið í Breiðdalsvík

Austurglugginn hafði samband við sveitarfélögin á Austurlandi. Fæst þeirra sveitarfélaga sem gáfu svar höfðu tekið ákvörðun um lokanir komi til verkfalls. Sveitarfélögin Fjarðabyggð, Fljótshálsbær og Hornafjörður

hafa ekki tekið afstöðu ennþá en fylgjast með framvindu mála m.a. túlkunum sambands sveitarfélaga og félags leikskólakennara á þeim lögfræðialitamálaum sem væru uppi. Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps, taldi að verkfallið myndi ekki hafa áhrif á leikskólann Ástún þar sem starfsmenn þar væru ekki félagsmenn í félagi leikskólakennara.



Forréttindi að fá að búa út á landi

Viðtal Álpappírsins að þessu sinni er helgað rafvélavirkjanum og skautsmiðju fyrirliðanum Jóni Þór Kristmundssyni. Jón Þór starfaði sem verktaki í tengslum við Fjarðaálframkvæmdirnar frá árinu 2003, en gekk svo í raðir Alcoastarfsmanna fyrir rúmum tveimur árum. Kristborg Bóel hitti Jón Þór í skautsmiðjunni á dögnum þar sem hann fór yfir lífshlaup sitt til þessa.

Misgáfulegar sögur frá unglingsárunum

Jón Þór er fæddur á Héraði árið 1957, þar sem hann bjó fyrst í Grænuhlíð í Hjalta- staðapíngá en lengst af á Eiðum. Hann ólst upp í stórum systkinahópi og er fimmti í röðinni af átta. „Foreldrar mínir voru bændur. Ríkið átti þessar jarðir áður fyrr, en þær voru á sínum tíma reknar til þess að skaffa barnaskólunum mjólk. Sá hátturinn var enn á þegar við fluttum, ég man að það kom fólk úr öllum kennaraibúðunum til þess að fá ekta ógerilsneydda mjólk, beint úr brúsanum.“

Jón Þór segir það hafa verið mikið fjör að alast upp á Eiðum, enda skólasetur bæði fyrir grunnskóla og gagnfræðaskóla. „Það var mikið líf á staðnum og virkilega skemmtilegt að búa þarna, en það voru krakkar frá öllu Austurlandi sem sóttu skólann. Á þessum tíma var aðeins gefið eitt helgarleyfi á önn og því var dúndrandi félagslíf flestar helgar, ef ekki böll þá eitthvað annað. Ég gæti sjálf sagt sagt margar sögur af því sem gerðist á þessum árum, misgáfulegar þó. Eins og þegar menn voru að smygla sér á böll, ég tók að sjálf sögðu fullan þátt í því. Við vorum mjög klárir „hlupum milli herbergja og lögðumst í rúmin meðan umsjónarkennarinn taldi inn í herbergin eftir lokun heimavistarinnar. Að talningu lokinni laumuðum við okkur

svo út um brunastigann og þaðan aftur inn að balli loknu klukkan fjögur að nóttu. Þetta var mikið stundað og komst aldrei upp,“ segir Jón Þór.

Langaði að taka þátt í uppbyggingunni

Landsbyggðarþráin blundaði alltaf í okkar manni og um aldamótin flutti hann með fjölskyldu sína austur á Egilsstaði, en skildi svo skömmu síðar. „Ég kom aftur hingað austur af því ég mér fannst glitta í einhverja atvinnuuppbyggingu hérna. Mig langaði til þess að taka þátt í þessu öllu saman og sé ekki eftir því. Mér fannst þetta mjög spennandi og þykir alger forréttindi að fá að vera úti á landi ef maður hefur áhuga og atvinnu. Mér finnst eins og flestir þeir sem fara til Reykjavíkur séu að elta eitthvað uppi, eins og spennandi atvinnutækifæri eða hærra kaup. Nú er þetta sem betur fer að snúast við og þróunin að verða okkur í hag hérna fyrir austan.“

Jón Þór hefur verið viðloðandi álverið lengi, þrátt fyrir að hafa ekki gengið til liðs við Alcoa fyrr en árið 2009. „Til að byrja með vann ég hjá Rafey að gerð vinnubúðanna hérna upp á svæði, en við lögðum raflagnir í þær allar. Ég byrjaði einnig upphaflega hér innan lóðar sem rafvirki í dagvinnu hjá Rafholti. Ég var þá út um alla verksmiðu í hinum og þessum verkefnum, bæði á skrifstofunum sem og úti á svæðum. Að einu og hálfu ári liðnu skipti ég svo yfir á vaktir í skautsmiðjunni, áfram sem verktaki. Það var svo þann 1. nóvember 2008 sem ég réð mig yfir til Alcoa. Ég ákvað að skipta yfir, bæði þar sem niðursveiflan í þjóðfélaginu var að byrja og mér þótti vissara að tryggja mig í vinnu, auk þess sem mér þótti eðlilegra að starfa hjá Alcoa í ljósi þess hve vel mér

líkaði á svæðinu. Ég var á mjög góðri vakt með flottum leiðtoga, en Snorri Aðalsteins- son hélt henni saman eins og einni stórrí fjölskyldu. Það var aldrei neitt tiltökumál, það tóku allir höndum saman um að leysa vandamálin.“

Í dag er Jón Þór fyrirliði fyrir iðnaðarmenn á vöktum og dagvöktum. „Ég er mjög ánægður og finnst gott að vera í skautsmiðjunni. Mórallinn er góður sem og allt utanumhald. Það er kominn ákveðinn kjarni iðnaðarmanna sem nær vel saman. Við gerum okkur reglulega glaðan dag, en í vor fórum við í teymisferð í Mývatnssveit með konurnar okkar, það var mjög skemmtilegt og allt svona skiptir miklu upp á samheldni hópsins,“ segir Jón Þór.

Þegar Jón Þór er inntur eftir því hvort honum þyki vinnustaðurinn ólíkur þeim sem hann hafi verið á áður segir hann það bæði og. „Teymishugsunin er svipuð og ég kynntist hjá Eimskipum, nema hér er auðvitað allt stærra í sniðum. Þó svo að hér sé mikið lagt upp úr öryggismálunum finnst mér þó tvær hliðar á þeim málum, í það minnsta þegar maður hefur starfað í Sundahöfn. Það eru ákveðnir hlutir sem eru algerlega til fyrirmyndar hér, eins og læsingafarlarnir. Hér fer enginn inn í nokkra vél án þess að búið sé að læsa henni út, sem er alveg frábært. Hins vegar finnst mér annað til fyrirmyndar þar. Í Sundahöfn mátti iðnaðarmaður til dæmis aldrei vinna einn. Enginn má fara einn upp í skipakrana eða inn í háspennu, það var bara inni í kjarasamningum. Hérna geta menn farið einir um allt, þannig að segja má að öryggiskröfur Eimskipa séu harðari að þessu leyti. Reyndar, eftir atburðinn í spenninum var sett sú regla að allaf yrðu tveir á veituvakt. Vonandi er þetta bara eitt- hvað sem kemur þegar menn átta sig á því hversu mikið öryggismál þetta er.“

Fimmfaldur afi

Jón Þór er í sambúð með Guðnýju Sigurjónsdóttur frá Skagafirði. Guðný á eina uppkomna dóttur. „Við Guðný höfum verið saman í þrjú ár. Hún er með sveinspróf í símvirkjun og var að byrja að vinna hjá Rafholti um það leyti sem ég var að hætta. Við kynntumst því upphaflega þar og svo leiddi eitt af öðru, eins og gerist. Guðný er með hálfgerð sigauablóð í æðum og er að vinna á Norrænu í sumar, í það minnsta ennþá,“ segir Jón Þór og vísar þá til mikillar óánægju íslenskra starfsmanna um borð vegna kjarasamninga.

Jón Þór er líka fimmfaldur afi, en eldri sonur hans á fjögur börn og sá yngri eitt. „Já, þeir hafa haldið mér vel við efnið strákarnir. Mér finnst allt annað að verða afi en pabbi. Ábyrgðin er allt önnur, maður getur skilað þeim þegar maður vill,“ segir Jón Þór og brosir. „Auk þess finnst mér þetta allt saman skemmtilegra, það er meiri tími og minna basl, þó svo maður mætti alltaf vera duglegri að hitta afabörnin,“ segir Jón Þór.



HJÁLÞÓP Í

MERKILEGRA VIÐTAL

Mikill fjölmiðlamatur var gerður úr því að Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, hljóp úr Stjórnarráðinu eftir langan ríkisstjórnarfund á þriðjudag. Mikíð var gert úr því að Ögmundur hafi ekki gefið fréttamönnum kost á viðtali og að hann hafi hlaupið í burt frá þeim eins og enginn væri morgundagurinn. Sjálfur segist Ögmundur hafa verið orðinn seinn annað og því verið að drífa sig. Ég verð að segja að mér finnst illa að Ögmundi vegið í þessum fréttaplutningi því hann er sá ráðherra sem einna auðveldast er að ná í og af minni reynslu að dæma þá er fyrirspurnum og óskum um upplýsingar frá hans ráðuneyti sinnt fljótt og vel. Það má líka leiða að því líkum að hann hafi verið að drífa sig í síma- viðtal hjá ekki ómerkilegra blaði en Austurglugganum og efni blaðsins er til sönnunar um það.

Það eru hinsvegar ekki allir ráðherrar jafn duglegir og Ögmundur að gefa kost á viðtali eða svara fyrirspurnum og suma næst hreinlega ekkert í og er það auðvitað óboðlegt. Ögmundur má hinsvegar eiga það sem hann á og eitt af því er að sinna fjölmiðlum vel. Ég vona bara að hann hafi komist á leiðarenda á tilsettum tíma.

Í hvert sinn sem kjaradeila fer í gang koma upp lagalegar túlkanir og gagnrýni á þá stétt sem á í hlut. Ég skil hreinlega ekki þá umræðu sem upp er komin nú um það að deildum leikskóla þurfi ekki að loka þó svo deildarstjórar fari í verkfall. Fyrir mér er þetta ósköp einfalt, um leið og annar aðili þarf að ganga í starf hins er um verkfallsbrot að ræða, ef þess þarf ekki í þessu tilfelli þá má velta því fyrir sér hvaða kröfur eru gerðar til deildarstjóra ef óþarfi er að leysa þá af hólmi og hver ber þá ábyrgð á deildinni. Ég held að almenningur ætti að sýna þessum aðgerðum skilning enda skýlaus réttur fólks að krefjast kjarabóta með þessum hætti. Hingað til hafa leikskólakennarar sýnt ótrúlegt langlundargeð í kjaramálum og merkilegt að þeir hafi ekki beitt þessu úrræði fyrr.

Með vinsemi og virðingu
Ragnar Sigurðsson

Hjalli

Ásta Þorleifsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands, greindi frá því í viðtali við Morgunblaðið að hún teldi að veður- athugunarstöðin á Egilsstaðaflugvelli lægi í „kuldapoli“ og sökum þess sé oft ósamræmi milli staðbundinnar veðurspár Veðurstofu Íslands fyrir Egilsstaðaflugvöll og þess veðurs sem er á Egilsstöðum.



Áskriftartilboð Austurgluggans

Ert þú áskrifandi?

Komdu í hóp ánægðra áskrifenda fyrir mánaðamótin ágúst-september og septembermánuður er frír



Vísnaðhornið

Það er vandlifað hér á landi í dag sem aðra daga. Nú er allt að verða vitlaust út af bændum og skorti á kjöti. Verslunarmenn vilja fá að flytja inn meira kjöt og forsvarsmenn neytendasamtaka eru ekki sáttir við niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Þar sem ég er fæddur og uppalinn í sveit er ég eflaust mjög hlutdrægur í þessum efnum. Velti samt fyrir mér af hverju það bitnar á okkur neytendum ef ríkið reiðir fram pening fyrir landbúnað en ekkert er athugvert við að stórum fjármunum sé eytt í þætti eins og til dæmis menningarstarfsemi. Auðvitað get ég sleppt því að fara í leikhús eða á sínfóníútónleika en fjármunir sem fara í þessa hluti hljóta að koma frá skattgreiðendum. En aftur að kjötinu. Það er hræðilegt að fá ekki íslenskt kjöt í búðum. Lenti í því fyrir stuttu að finna eingöngu erlent nautakjöt í einni búð og þá keypti ég einfaldlega ekki kjöt. Íslenskur landbúnaður lengi lifi. Er sparnaðurinn reiknaður alla leið? Flytjum inn ótakmarkað magn af landbúnaðar- vörum og setjum bændur á atvinnuleysissskrá. Það kostar þjóðfélagið ekki neitt:

Eta skulum útlent fóður
Öll þá bætum þjóðarþú.
Þó bændur hætti- guð minn góður
gráta skulum ekki nú.
Glúmur

Hér er svo gömul vísa sem fjallar um fækkun bænda:

Háðu stríð við eld og ís,
unnu sígra stóra
Nú er þjóðarvoði vís.
verði þeim leyft að tóra.

Gísli Björgvinsson, bóndi í Breiðdal
(f.1909–4.1999)

Leikskólakennarar valda miklum titringi þessa dagana. Það er ekki skrytið því þeir eru auðvitað með frekju og yfirgang. Vilja fá sömu laun og sambærilegar stéttir. Staðan er auðvitað skelfileg. Ekkert að sækja til sveitarfélaganna og erfitt fyrir leikskólakennara að slá mikið af kröfum sínum þar sem hugsjónir og gleði í starfi borga ekki reikninga. Við skulum aðeins vona að þetta leysist fyrr en síðar. Eftir að hafa heyrt viðtal í útvarpsfréttum við fulltrúa Reykavíkurborgar datt mér í hug að skilaboð sveitarfélaganna gætu verið á þessa leið:

Ágjörn fól nú ykkur lít
aldrei heyrt um frekju slíka
Alla daga skrúbbið skít
skuluð bara éta hann líka.
Glúmur

Við skulum enda þetta á jákvæðum nótum með fallegri vísu um uppáhaldsfjall margra Reyðfirðinga:

Hádegisfjallið hnarreist er,
við himin það tignarlega ber.
Pryðir það fagran fjörðinn.
Vekur í huga von og þrá
vísast ef tindi þess menn ná.
Stendur það vinhlýtt fjörðinn.
Helgi Seljan

Ég veit ekki hvort austfirskir hagrörðingar þjást af ritstíflu þessa dagana eða eru svona ótrúlega hlédrægir. Það stendur örugglega allt til bóta. Minni því enn á að senda vísur á glumur2@centrum.is eða frett@austurglugginn.is

Vísnaðveðja, Glúmur

austur glugginn

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Lára Björnsdóttir • 477 1571 & 891 6484 • auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 • aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 • kompan@vortex.is

Útgefandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

10
ÁRA

HÚSASMÍÐJAN
OG BLÓMAVAL
EGILSSTÖÐUM

Allur
útvistar-
fatnaður

30%
afsláttur

ALLIR FÁ
MÖFFINS
OG SVALA
Á LAUGARDAG



AFMÆLISHÁTÍÐ

EGILSSTÖÐUM

Öll Jotun
innimálning

25%
afsláttur

ORKIDEUR
999^{kr}
~~1999~~

25-50%

AFSLÁTTUR

POTTA-
PLÖNTUR

30%

AFSLÁTTUR

KERTI OG
SERVÍETTUR

Tilboðin gilda eingöngu
í Húsasmíðjunni og Blómavali Egilsstöðum

Látum
verkin tala!

blómaval
heillandi heimur


HÚSASMÍÐJAN



Anne Kampp
Myndir/Lára Vilbergsdóttir



Sýndar eru skissur og vinnuteikningar ásamt vinnuferlinu



Kertabakkar

Hlið við hlið

Sýningin Hlið við Hlið opnaði í Húsi Handanna síðastliðinn sunnudag og stendur fram yfir Ormsteitishátíðina. Sýningin er hönnunarverkefni Anne Kampp, leirlistamanns, og Stólpa, vinnu- og verkþjálfunarstaður með félagslega- og verklega þjálfun og rekinn af Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Austurlandi. 14 einstaklingar búsettir á Fljótsdalshéraði tóku þátt í verkefninu. Á sýningunni eru sýndar skissur og vinnuteikningar ásamt vinnuferlinu. Afraksturinn, í formi undurfagurra kertabakka, verða til sölu í Húsi Handanna og Stólpa.

Sýningin átti upprunalega að opna laugardaginn 13. ágúst en vegna fráfalls Geirlaugar Filippusdóttur, eins af þátttakendum verkefnisins, var opnuninni frestað um einn dag. Sýningin var af þeim sökum tileinkuð minningu hennar.

FJÖLSKYLDUVÆNN VINNUSTAÐUR



VHE er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður upp á margvíslega þjónustu á sviði hönnunar, þróunar, smíði og viðhalds véla og búnaðar. Fyrirtækið hefur á að skipa færum og reynslumiklum starfsmönnum, sem eru tilbúnir að taka að sér fjölbreytt verkefni.

VHE
VÉLAVERKSTÆÐI


Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf
Hraun 5 - 730 Reyðarfjörður
Melabraut 21-27 220 Hafnarfjörður
Sími: 575 9700
Fax 575 9701

Gerirð gæða- og verðsamanburð

12 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur

SAGA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



Verðdæmi:

SAGA Queen rúm **129.900**

ÞÓR Queen rúm **149.900**



50% afsláttur af rúmstæðum

í ljósum og dökkum kirsuberjavið

160 cm, 180 cm og 193 cm.

Verð frá **41.450**

Söluaðilar:

Lúxus húsgögn
Miðási 7, Egilsstöðum

Húsgagnaval
Höfn í Hornafirði



BOARD S-CAPE

WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.

Fæst í eftirfarandi breiddum:

80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm
þarf að hafa á fábæru verði.

S-Cape er einnig með þráðlausa
fjarstýringu og nuddi.




50% afsláttur
af Lille rúmstæðum



Stóri stuðningspúðinn
kominn aftur **19.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi




Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri
stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum
stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðum

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



Mest selda stillanlega heilsurúmið
hjá Svefn-og-heilsu með okkar
bestu heilsudýnu.



Baldursnesi 6

Svefn & heilsa



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Oprið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

470-0010



Vaskur



Efnaaug - Þvottahús - verslun

Fyrir fyrirtæki, stofnanir, ferðabjónustu og heimili

Allt til hreinlætis:

- Hreinsiefni
- Pappír
- Plastpokar
- Ræstingáhöld og m.fl.

Leigjum:

- Teppahreinsivélur
- Mottur
- Dúka
- Lín fyrir gistibjónustu

- DMC (árórugarn)
- Blúndugarn frá Katia
- Heklugarn

- Allt í skartgripagerðina
- Rennilásar & tölur
- Ullarkemba og m.fl.

20% afsl.
af léttlopa
til 30. ágúst

LÉTTLOPI
PLÖTULOPIDALEGARN
FALK - BABYULL
LERKE - ÁLPAKKAULLARGARN OG
ÝMIS KONAR SKRAUTGARN
FRÁ GARN.IS

Opið frá kl. 9-17 alla virka daga • Miðás 7b Egilsstaðir (Við Fagradalsbraut) • www.vaskur.is

Framkvæmdir við Ysta - Rjúkanda í biðstöðu



Eins og sagt var frá fyrir nokkru í Austurglugganum þá hafa landeigendur að ánni Ysta - Rjúkanda í Jökuldal sent stjórnýslukæru til Innanríkisráðuneytisins vegna eignarnámsbeiðni Vegagerðarinnar. Landeigendur eru afar ósáttir við að Vegagerðin skuli fara fram með þeim hætti og krefjast þess að eignarnám verði ekki heimilað.

Landeigendur eru ekki á móti vegafarmkvæmdinni sem slíkri og hafa boðist til þess að þinglýsa afnotarétti Vegagerðarinnar á meðan að vegurinn liggur í gegnum landið þeirra. Þá segjast þeir ekki fara fram á að Vegagerðin greiði þeim fyrir afnotaréttinn og því ætti það að vera hagstæðara fyrir stofnunina frekar en að greiða eignarnámsbætur.

Til stóð að hefja framkvæmdir fyrir nokkrum vikum en ekkert varð úr. Nú hefur Vegagerðin óskað eftir framlengingu á framkvæmdaleyfinu sem upprunalega var gefið út 2. júlí 2009 „svo unnt verði að hefja vinnu þegar leyst hefur verið úr þeim málum er varða landeigendur“ segir í fundargerð Skipulags- og mannvirkjanefndar Fljótaldshéraðs. Nefndinni barst tölvupóstur áður en nefndarfundurinn var haldinn þar sem Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður landeigenda, óskaði eftir því að landeigendum verði gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en sveitarfélagið afgreiðir frekari erindi í máli þessu.

Svo virðist sem sveitarfélagið hafi orðið að beiðni Hilmars því nefndin samþykkti að

„framlengja framkvæmdaleyfið þegar leyst hefur verið úr þeim málum er varða landeigendur“. Málið virðist því vera komið í hnút.

Verslaðu **DELL** eða **HP** fartölvu hjá okkur og fáðu 4 GB minnskubb eða USB lyklaborð og heyrnartól með míkrofón frítt með!

(Gildir meðan birgðir endast)

Ipad 2 32GB með 3G

Verð 129.900.-

Ipod nano 8GB

Verð 36.590.-

Ipod touch 8GB

Verð 55.990.-

Nokia N8

Frábær sími á góðu verði

Vaxtalaus

lán til allt að 12 mánaða!

Fartölvutaska fylgir!

Verð 119.900.-

Langur laugardagur 20. ágúst!

Opið frá 11 - 18

VERTU KLÁR

Nýja hönnuðin frá HP á skólatilboði

HP 4520s i3-380M 15.6 3GB/320

HP ProBook 4520s 15.6" fartölva og fartölvutaska

Skjástærð: 15.6" LED HD WVA Anti-glare

Örgjörvi: Intel Core i3-380M (2.53 GHz, 3 MB L3 cache)

Vinnsluminni: 3GB (1x1GB og 1x2GB) DDR3 1333MHz

Harður diskur: 320GB SATA II

MYND SMÍÐJAN

MIÐVANGI 6 - EGILSSTÖÐUM - SÍMI 471 1699 - WWW.MYND.IS

Rýmingarsala á völdum sjónvarpstækjum og sýningareitum frá LG!

VERSLAÐU VIÐ FAGMENN, ÞAÐ BORGAR SIG!

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS

MIÐVANGI 1, EGILSSTÖÐUM

FERÐABÆKUR og fleira snjallt!

Nauðsynlegar bækur í ferðalagið: Vegahandbókin, Plöntubókin, Íslenskir steinar, Fuglavisir og Íslensk fjöll. Hvalaskoðun, veiðileyfi o.fl. Einnig mikið úrval af göngu- og landakortum ásamt sögukortunum vinsælu.

Verið velkomin. Opið alla daga frá 8:30-18:30, 9-17 um helgar.

WWW.EAST.IS

austur glugginn

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er
891 6484



Raunfærnimat haustið 2011

Þekkingarnet Austurlands í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mími símenntun, IÐUNA fræðslusetur, Verkmenntaskóla Austurlands og Hússtjórnarskólann í Hallormsstað býður upp á raunfærnimat á eftirfarandi fag- og starfssviðum haustið 2011 ef næg þátttaka fæst:

- Vélvirkjun
- Bifvélavirkjun
- Matartækni
- Leikskólaliðar

Nánari upplýsingar um raunfærnimat er á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband fyrir 1. september við:

emil@tna.is,
bergthora@tna.is og í síma 470-3800,
ragnhildur@tna.is s. 470-3841,
sem taka við skráningum og svara spurningum.





Héraðsprint



Launafl kynnir, Belzona viðgerðarefni

Belzona er viðgerðarefni með fjölbreytta möguleika og til lækkunar á viðgerðarkostnaði. Belzona viðgerðarefni er meðal annars notað í:

- Málum: Til viðgerða á málum vegna slits, tæringar og annarra skemmda t.d. í dælum
- Gúmmí: Til viðgerðar og framleiðslu á kraftblökkum, færiböndum, mótörpúðum og fl.
- Keramik: Til viðgerðar og varnar gegn sýrum og bösum notað í fyrirbyggjandi viðhald á dælum
- Steypu: Viðgerðarefni fyrir gólf, tröppur, undirstöður og fl. Einnig til hálfuvarnarefni til að setja á gólf.



Launafl ehf, Hraun 3, 730 Reyðarfjörður
Sími: 414 9400, www.launafl.is

Goggi Mega Austfjarðatrölilið 2011

Austfjarðatrölilið fór fram um síðustu helgi viðsvegar á Austurlandi. Í þetta sinn var það Georg Ögmundsson (Goggi Mega), Fjarðabyggð, sem sigraði í kraftakeppninni Austfjarðatrölilið. Þetta

var í annað sinn sem Georg hampar titlinum og nafngiftinni Austfjarðatrölilið.

Keppnin var æsispenndandi og úrslitin réðust ekki fyrir en í lokagreininni en þá voru Georg og Ari

Gunnarsson lang efstir og fór svo að Georg hafði betur á endasprettinum. Georg sigraði tvær síðustu greinarnar og þar með í sex greinum af tíu í heildina.



Ekkert mál – Keppendur lyftu 160 Kg. upp fyrir haus eins og ekkert væri.
Mynd/Bjarki Björgólfsson

Goggi Mega sigraði í álkubbaheðslunni.

Mynd/Hilmar Sigurbjörnsson

ÚTBOÐ

Hitaveita Egilsstaða og Fella óskar eftir tilboðum í verkið

VALLAVEITA – SVEITABÆIR.

Verkið fellst í lagningu heimæða að 15 íbúðar- og sumarhúsum á Völlum frá stofnlögn Vallaveitu. Lagnaleið er alls um 5,0 km. Verklök 1. nóvember 2011.

Jafnframt óskar Hitaveitan eftir tilboðum í verkið

STOFNLÖGN - ENDURNÝJUN NORÐAN VIÐ KYNDISTÖÐ.

Verkið fellst í endurnýjun á hluta stofnlagnar með tilheyrandi jarðvinnu frá kyndistöð að hitaveitutanki norðvestan við Fellabæ á Fljótsdalshéraði. Lengd lagnar er alls tæpir 520 m. Verklök eru 15. október 2011.

Útboðsgögn verða til sölu á skrifstofu Hitaveitu Egilsstaða og Fella við Einhleyping í Fellabæ. Verð hvorra útboðsgagna er kr. 3000.

Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 23. ágúst 2011 kl 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.



Skrifstofu- og fjármálagreinanám

Í SAMSTARFI FRAMHALDSSKÓLA Á AUSTURLANDI OG Á HÚSAVÍK

- Nýtt og spennandi nám frá hausti 2011!
- Fjórar annir, 32-36 einingar. Kennt með fjárfundasniði, hægt að stunda á þeim stöðum sem bjóða upp á afnot af fjárfundabúnaði.
- Gert er ráð fyrir að tölvu- og tölvubókshaldsnám fari fram í staðbundnum lotum.
- Meginmarkmið er að veita nemendum viðtæka og almenna þekkingu í greinum sem nýtast vel við fjölbreytt störf í nútímastarfsumhverfi á skrifstofum og hjá fjármálafyrirtækjum.
- Ath. Lágmarksfjöldi nemenda þarf til að farið verði af stað með námið.

ÁFANGAR KENNDIR Á FYRSTU ÖNN:

BÓK153 - Bókfærsla

ÍSL152/3 - Íslenska

TÖL153 - Tölvur

Upplýsingar og skráning á www.me.is - Fjarnám - Starfsnámsbrautir.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst nk.

Skólameistarar FSH, FAS, ME og VA



Framhaldsskólinn á Húsvík



Framhaldsskólinn í Austur-Staffahöfðum



VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Samvinna - þekking - árangur

Breiðdalur brosir við þér

Hátíðin *Breiðdalur brosir við þér* var haldin um síðustu helgi í fyrsta sinn. Hátíðin var vel sótt og skipuleggjendur hátíðarinnar stefna ótrauðir að því að halda aðra hátíð að ári liðnu. „Þetta var skemmtileg tilbreyting og lærdómur mikill og óhætt að segja að þetta verði endurtekið“ sagði Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, ferðamálafulltrúi Breiðdalshrepps.

Framtak ferðapjónustuklasa

Í vetur hafa nokkrir íbúar í Breiðdalsvík myndað ferðapjónustuklasa og spratt hugmyndin að hátíðinni þaðan og hátíðin reyndist vera frumraun klasans sem byggist

á sjálfstæðu framtaki. Á hátíðinni var ekki leitað eftir utanaðkomandi atriðum og þetta byggðist að mestu á framtaki íbúa og þeirra sem langaði að vera með.



Fjölbreytt dagskrá

„Þetta gekk rosalega vel fyrir utan veður náttúrulega og miðað við þátttöku íbúa þá er óhætt að segja að þetta

hafi tekist vel til“ segir Hrafnhildur. Aflysa þurfti nokkrum liðum sem áttu að vera utandyra vegna veðurs en fólk virtist samt ekki láta það á sig fá enda fjölbreytt dagskrá fyrir alla. Það var opið verkstæði fyrir gesti og gangandi þar sem hægt var að mála á skeljar og rekavið eða vinna úr málmi fyrir eldri kynslóðina, í Breiðdalssetri var sýningaropnun á panoramasýningunni *Fjallabringur Breiðdals*, og þar var einnig Snjólfur Gíslason með frásagnir úr lífshlaupi sínu, gestum og gangandi til skemmtunar og fróðleiks. Handverksfólk kom saman í Ási í Kaupfélaginu og sýndi ýmis handverk eins og að spinna á rokk, snúa á snældu og sauma



skinnskó, Kvenfélagið bauð upp á markað og opið var í Tröllasafninu hjá Njáli Torfásyni. Í Tröllasafninu voru svo sýnd handbrögð við beitningu, flatningu og saumuð net á sunnudeginum. Þátttakendur úr Skólahreysti sýndu takta á þrautabraut á sunnudeginum og svo var boðið upp á sýningu í bardagalist.

Ormsteiti - Inn til dala og upp til fjalla

Ormsteiti, bæjarhátíð Fljótsháðs og Fljótssdals, stendur yfir dagana 13. – 21. ágúst. Hver dagur er tileinkaður ákveðnu svæði á héraðinu eða ákveðnum hóp íbúa. Dagskráin ber íbúa og gesti vítt og breitt um héraðið allt frá Möðrudal á fjöllum og upp í Fljótssdal.

Hátíðin byrjaði á Möðrudalsgleði þar sem dagskrá var fyrir alla fjölskylduna. 100 manna tónleikar voru í Selinu við Selána og endaði dagskráin með dansleik. Um 200 manns sóttu Möðrudalsgleðina að sögn Guðríðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Ormsteitis, er það meir en helmingi færri en síðustu 10 ár og „teljum við að veðurspáin hafi haft töluvert um það að segja þar sem spád var rigningu en það byrjaði ekki að rigna fyrir en útidagskráin var buin. Veðrið var bara nokkuð gott, 9–10 stiga hiti og gestirnir voru ánægðir með daginn“ segir Gurrý.

Á laugardaginn var hið árlega skógarhlaup Íslandsbanka haldið á Egilsstöðum. Þátttakan í hlaupinu var góð en þar gafst keppendum kostur á að hlaupa 4 km og 10km. Þúttmót eldri borgara sem var auglýst á sunnudag var því flýtt fram á laugardag vegna slæmrar veðurspár og tóku 13 einstaklingar þátt.

Hverfahátíðin framundan

Fjöldinn allur af skemmtilegum og spennandi viðburðum eru á dagskrá og verður enginn svikinn af því að mæta á Ormsteiti því þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Í dag, föstudaginn 19. ágúst, fer fram Hverfahátíðin sívinsæla og fjölskrúðuga ásamt hverfaleikum og karnivalskemmtun á Egilsstöðum. Hverfahátíðin er og fagna saman liðnu og skreytt í öllum íbúar hverfsumri og taka á móti komandi hausti. Hvert hverfi á sér sinn lit þannig að Héraðið regnbogans litum og er keppni um hvaða hverfi er best skreytt. Í lok dags hittast isins, grilla saman og skipa í lið fyrir keppni kvöldsins. Hverfin marsera síðan hvert í sínum lit á Vilhjálmsvöllum þar sem þeim mætir Karnivalskrúðganga. Á Vilhjálmsvelli er síðan sunginn brekkusöngur, héraðshöfðinginn flytur ávarp, karamellum rignir úr loftinu, verðlaunaafhendingar fyrir hverfaskreytingar og besta hverfabúninginn fara

fram og síðast en ekki síst keppni á milli hverfa. Keppnin hefur verið af ýmsum toga gegnum árin og veit enginn fyrir en á hólminn er kominn í hverju á að keppa. Magasfleytingar, pokahlaup, þrautaganga eru dæmi um keppnisatriði síðustu ára. Hverfahátíðinni er síðan slútt að með braggaballi í Kornskálanum við Sláturhúsið þar sem héraðssveitin Ýmsir Flytjendur mun rifja upp gamla takta.

Á laugardaginn, 20. ágúst, hefst bæjarhátíð á Egilsstöðum með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna, þar má nefna söngvarakeppni barna, Leikhópurinn Lotta skemmtir börnum sem fullorðnum, Háskólalestin mætir með Sprengigengi og Stjórnutjaldið, fjársjóðsleit fyrir börn í Selskógi og síðast en ekki síst verður hin einstaka Hreindýraveisla Ormsteitis á sýnum stað þar sem heilgrillað Hreindýr verður á borðstólum. Kvöldvaka bæjarhátíðarinnar byrjar kl. 20:30 þar sem vinningslög sönglagakeppni og söngvarakeppni verða flutt ásamt fleirum uppákomum í Kornskálanum við Sláturhúsið Menningarhús. Dagskránni lýkur þann dag með Nostalgiútdansleik í Valaskjálfi þar sem Á Móti Sól mun halda uppi fjörinu.

Hátíðin endar svo í Fljótssdal þann 21. ágúst með tónleikum með Péttri Ben og Eberg að Skriðuklaustri.

SLÁTURHÚSIÐ

LIFANDI !

SLÁTURHÚSIÐ.IS

Valgeir
Guðjónsson
tók lagið á
útitónleikum
í Selinu.

Fiðrildið

Notað og nýtt fyrir börnin

Fiðrildið er barnafatabúð sem selur bæði ný og notuð barnaföt á **mjög hagstæðu verði**. Erum með fót frá Carter's ásamt fleiri flottum merkjum. Erum einnig með mikið úrval af **íslenskri hönnun** á börnin ásamt fallegum tréleikföngum.

Kíkið endilega á heimasíðuna okkar **www.fidrildid.is** og skráið ykkur á póstlistann okkar, þar er alltaf eitthvað spennandi í gangi.

Erum einnig á www.facebook.com/fidrildid

Fiðrildið
Notað og nýtt fyrir börnin

www.borgarfjordureystri.is

LOÐMUNDARFJÖRÐUR
27. ÁGÚST 2011

Stórtónleikar með KK
við Loðmundarfjarðarskála

Tónleikarnir hefjast kl 20:00
Aðgangseyrir er valfrjáls
og eru allir velkomnir

Bókanir í skála í s: 863-5813
ferdafelag@egilsstadir.is



Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Ferðamálahópur Borgarfjarðar

SUMAR
Mjúkis
MANDARÍNUÍS

Kjörís



Til góðra verka!



Fréttabréf AFLs Starfsgreinafélags 1. tbl. 2011



Endurnýjun orlofsíbúða



Eftir nokkra daga tekur AFL Starfsgreinafélag í notkun sex nýjar orlofsíbúðir og sex til viðbótar verða afhentar innan tveggja mánaða. Með þessu hefur félagið því endurnýjað allar íbúðir sínar í Reykjavík.

Hugmyndin að því að koma öllum orlofsíbúðum félagsins undir eitt þak er ekki ný af nálinni og m.a. reyndi félagið 2006 að koma á samstarfi margra verkalyðsfélaga til að kaupa fjölbýlishús þar sem eingöngu yrðu orlofsíbúðir – en sú hugmynd fékk ekki þann stuðning sem til þurfti. En það er skemmtileg tilviljun að sú lóð sem fulltrúar AFLs höfðu augastað á til að byggja slíkt hús er einmitt lóðin sem íbúðirnar okkar standa á nú.






Nýjar íbúðir að Mánatúni 3-5

Húsið að Mánatúni 3 – 5 er reisulegt, með bjart yfirbragð og í hjarta borgarinnar. Húsið ber nútímalegt en jafnframt klassískt útlit, allur frágangur er faglegur og vandaður. Aðkoman er þægileg og aðlaðandi. Gangstétt er frá rúmgóðu bílastæði við torg í skjóli húsanna.

Horft til framtíðar


Í febrúar s.l. hafði Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri samband við AFL og skýrði frá því að félagið hafði gengið til samninga við Skuggabyggð ehf. um kaup á fjórum íbúðum í Mánatún 3 – 5 í Reykjavík en FVSA var eitt félaganna sem tók þátt í viðræðunum 2006 um mun stærra verkefni. Í kjölfarið setti AFL sig í samband við Skuggabyggð og þann 21. mars s.l. var hugmyndin kynnt á stjórnarfund. Fjörugar umræður voru á þessum stjórnarfund og ræddu stjórnarmenn kosti þess og galla að fara í svo umfangsmikla fjárfestingu. Niðurstaða fundarins var að fela framkvæmdastjóra félagsins að vinna skýrslu um málið og leggja fyrir næsta stjórnarfund. Framkvæmdastjóri, Sverrir Albertsson, kvaddi Þorkel Kolbeins, verkefnisstjóra hjá AFLi sér til aðstoðar og skiluðu þeir skýrslu til stjórnar 19. apríl. Í skýrslunni var litið til ýmissa kosta og reynt að meta kostnað og ávinning af hverjum kosti. Niðurstaða stjórnarfundarins var að fela þeim Sverri og Þorkatli að ganga til samninga fyrir hönd AFLs Starfsgreinafélags um kaup á 12 íbúðum í umræddu húsi og hafa síðan yfirumsjón með því að íbúðirnar væru gerðar tilbúnar til afnota fyrir félagsmenn. Í viðskiptunum voru íbúðir félagsins í Reykjavík, 11 að tölu settar upp í kaupun. Í allt hljóðuðu kaupun upp á 430 milljónir króna – en íbúðir AFLs voru metnar á 200 milljónir. Íbúðir okkar voru 930 fm en nýju

íbúðirnar eru samtals 1500 fm. Félagið keypti 12 íbúðir en áformað er að setja 155 fm íbúð beint í langtímaleigu og verður hún því ekki orlofsíbúð til að byrja með. Í skýrslunni reyndu höfundar að meta framtíðar rekstrarkostnað nýrra íbúða annars vegar og svo páverandi íbúða okkar hins vegar. Í ljósi aldurs fyrri íbúða okkar hefur viðhaldskostnaður verið stighækkandi síðustu ár og þrátt fyrir að félagið hafi látið taka eina til tvær íbúðir í gegn árlega síðustu ár – er ljóst að við höfðum varla við í þeim efnum og kostnaður við viðhald var síhækkandi. Þá var og reynt að gera áhættugreiningu í skýrslunni – þ.e. hver áhætta félagsins væri ef fjárfestingin reyndist því um megn – og var niðurstaðan sú að áhættan væri hverfandi m.a. vegna staðsetningar íbúðanna og gerðar þeirra. Samhliða því að flutt verður í nýju íbúðirnar verður búnaður endurnýjaður eins og þörf krefur og hefur félagið reynt að fara meðalveg í því að gera íbúðirnar glæsilegar án þess að missa sig í brúðli og flotræfilshætti. Áður en gengið var til samninga fékk AFL Mannvit verkfræðistofu sér til ráðgjafar og ennfremur var lögmaður AFLs, Eva Dís Pálmadóttir, félaginu til ráðgjafar við kaupun. Þórður Karlsson byggingameistari var skipaður af Mannviti sem byggingastjóri okkar og hefur hann fylgt verkinu frá kaupum og til skila. Þórður hefur ennfremur aðstoðað AFL við innkaup á ýmsum búnaði – aflað tilboða og annast samningagerð við birgja. Hallbjörn Þorbjörnsson, byggingameistari, sem hefur annast viðhald íbúða AFLs um árabil hefur verið félaginu til aðstoðar við frágang íbúðanna og standsetningu. Til að tryggja fagmennsku við frágang íbúðanna voru félaginu til aðstoðar þeir Hallbjörn Þorbjörnsson byggingameistari og Þórður Karlsson byggingameistari frá Mannvit verkfræðistofu.



Uppbygging og búnaður íbúðanna

AFL starfsgreinafélag hefur fest kaup á 12 nýjum íbúðum að Mánatúni 3-5, og selt þær 11 íbúðir sem félagið átti. Þar með eru allar íbúðir félagsins í Reykjavík komnar undir eitt þak. Íbúðirnar eru af nokkrum stærðum, minnsta íbúðin er tæpir 90 fermetrar og sú stærsta rúmir 150 fm. Íbúðirnar eru flestar þriggja herbergja en tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja eða með þremur svefnherbergjum. Þessar tvær íbúðir verða í framtíðinni í herbergjaleigu, hverju herbergi mun þá fylgja aðgangur að sér baðherbergi en um verður að ræða sameiginlegan inngang, eldunaraðstöðu og stofu.



Íbúðirnar eru með stórum gluggum sem veita mikla og góða birtu, víða er lofthæð meiri en gengur og gerist eða 270 cm, gólfplötur eru tvöfaldar sem eykur mjög hljóðeinangrun. Öll gólf eru flísalögð og hitalagnir eru í gólfum með þráðlausri hitastýringu í hverri íbúð.

Baðherbergi eru með flísalögðum gólfum og einnig eru flísar upp í hurðahæð. Sturtuklefi er með flísalögðu gólf og glerskilrúmunum.

Þvottahúsgólf eru flísalögð. Í þvottahúsi eru þvottavél, þurrkari og rafmagnstafla fyrir íbúðina.

Eldhús eru opin og rúmgóð með sérsníðnum íslenskum innréttingum. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Lýsing er undir efri skápum. Skúffur eru með ljúflökunarbúnaði, eldhúsin eru búnar vönduðum heimilistækjum með burstaðri stáláferð, uppþvottavél, ísskáp með frystihólfi, keramik-helluborði, blástursofni og gufugleypi með kolasíu. Eldhúsin eru vel búnar smærri eldhústækjum og borðbúnaði.

Stofa/borðstofa er búin þægilegum húsgögnum og 32' sjónvarps-flatskjá, sófasett eru þægileg og stílhrein. Borðstofuborð er í íbúðinni ásamt stólum.

Tengingar og tækni. ADSL nettenging er í hverri íbúð ásamt stafrænu sjónvarpi. Íbúðirnar eru búnar mynddýrasíma og aðgangsstýrikerfi. Í framtíðinni þegar félagsskírteini verða rafræn verða þau notuð sem aðgangskort að íbúðunum. Hvert kort verður þá virkjað í samræmi við leigusamning.

Svalir. Handrið á svölum er úr heitgalvanhúðuðu stáli, að hluta klætt gleri þannig að skjól myndist en útsýni haldist. Gólf eru ómeðhöndluð steypa. Sérafnotasvæði íbúða á fyrstu hæð eru harðviðarpallar með skjólveggjum. Ein íbúðanna mun verða með bættu aðgengi fyrir fatlaða.

Sameign

Hurð að bílageymslu er með fjarstýrðri opnun og innangengt er úr henni um lyftur og stigahús. Hver íbúð hefur sér stæði í bílageymslu. Í kjallara er hjólageymsla. Hurð í aðalanddyri er með rafdrifinni opnun. Myndsími er í aðalanddyri. Brunaviðvörðunarkerfi í sameign eru tengd viðurkenndri vaktstöð.

Á lóðinni er leiksvæði með leiktækjum, setbekkjum og gróðurkerjum. Snjóbræðsla er við aðalanddyri og í bílageymslurampa. Falleg lýsing er á lóðinni. Bílastæðin eru malbikuð og eða hellulögð.


Stysta leið að Mánatúni 3 – 5

Þegar komið er til Reykjavíkur um Vesturlandsveg eða Suðurlandsveg er líkleg styst að aka niður Ártúnsbrekkurnar og áfram niður Miklubraut, beygja til hægri niður Lönguhlíð og áfram niður Nóatún, beygja til hægri inn Sóltún, þá til vinstri í Mánatún.



Nánasta umhverfi

Mánatún er staðsett í vel grónu hverfi þar sem stutt er í alla þjónustu. Miðbærinn til vesturs og útivistarsvæðin í Laugardal til austurs eru bæði skammt undan. Frá Mánatúni er stutt í alla þjónustu, skemmtanir og hringiðu atvinnulífsins.





Úthlutunarreglur

Íbúðir AFLs Starfsgreinafélags eru til útleigu fyrir félagsmenn AFLs eingöngu, og gildir þá einu hvort um er að ræða greiðandi félagsmann, eldri borgara eða öryrkja, svo framarlega að viðkomandi hafi verið greiðandi til félagsins þegar hann hvarf af vinnumarkaði.

Leigja má íbúðirnar sex mánuði fram í tímann, sami aðili má aðeins skrá sig fyrir einni viku í senn.

Leigjanda skulu kynntar þær umgengnisreglur sem í gildi eru ásamt þeirri ábyrgð sem hann ber við leigutöku (sjá leigusamning og reglur sem hanga uppi í íbúðinni).

Ef upp kemur sú staða að leigjandi sé búinn að fá leigt áður á síðustu sex mánuðum, þá vikur hann fyrir öðrum sem ekki hefur fengið leigt á því tímabili, enda sé það tilkynnt með tveggja vikna fyrirvara.

Þurfi sjúklingur á íbúðinni að halda á þeim tíma sem leigjanda var úthlutað íbúðinni, er leigjanda skylt að láta honum eftir íbúðina, enda liggi fyrir læknisvottorð er sanni þörfina og að það sé gert með tveggja vikna fyrirvara. Hámarksdvöl sjúklunga er tvær vikur nema mjög brýnar ástæður liggi að baki.

Leigusamninga skal greiða ekki síðar en sjö dögum fyrir útleigudag. Hafi greiðsla ekki borist fyrir þann tíma er heimilt að leigja öðrum íbúðina.

Leigutaka er óheimilt með öllu að framselja leigusamning án leyfis leigusala. Slíkt getur valdið því að viðkomandi lendi á bannlista við úthlutun íbúða. Annað sem valdið getur banni við útleigu til félagsmanna er; ítrekuð kvörtun um slæma umgengni, kvartanir um ónæði vegna veisluhalds þar sem ekki hefur verið hirt um tiltal, skemmdir á íbúð eða innan-stokksmunum sem ekki hefur verið tilkynnt um og eða gerð grein fyrir.

Umgengnisreglur

Leigjandi ber ábyrgð á íbúðinni og öllum búnaði hennar meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta það tjón sem verða kann af hans völdum, eða þeirra sem á hans vegum dveljast í íbúðinni á leigutímnum. Leigjandi skal tilkynna strax til AFLs Starfsgreinafélags um allar skemmdir sem kunna að verða.

Vinsamlega hafið eftirfarandi í huga áður en þið yfirgefið íbúðina. Að:

- þrifa öll gólf í íbúðinni,
- ryksuga þar sem teppi eru,
- þurrka af hillum, borðum og gluggakistum,
- þrifa öll hreinlætistæki,
- þvo upp og henda rusli,
- setja óhreinan þvott í þar til bæra kórfa,
- gleyma ekki að þrifa bakaraofn og ísskáp

Ef umgengni er ábótavant að mati umsjónarmanns er áskilinn réttur til að innheimta viðbótargjald eða beita öðrum viðurlögum!

Ekki er leyfilegt að hafa með sér heimilisdýr í íbúðina og reykingar eru að sjálfsögðu stranglega bannaðar.

Íbúðin er í fjölbýlishúsi og ber leigjendum að virða rétt annara íbúa til heimilisfriðar í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjölbýlishús. Brot á þeim reglum geta varðað brottvisun úr íbúðinni!

Um orlofssjóð AFLs

Það er allt að gerast!

Það er mikið á döfinni hjá Orlofssjóði AFLs Starfsgreinafélags. Tilgangur þessa fréttabréfs er að kynna fyrir félagsmönnum nýjar orlofsíbúðir félagsins í Reykjavík.

Einnig má geta þess að á Einarssstöðum er verið að leggja hitaveitu og unnið er að útboði í stækkun á pöllum ásamt uppsetningu heitra potta við öll hús á svæðinu.

Félagið mun kynna þessar breytingar nánar á næstu vikum en í framhaldinu verður skoðað hvernig best og hagkvæmast verður staðið að „andlitslyftingu“ húsa félagsins þar.

Þá er verið að vinna að því að koma bókun orlofsíbúða á vefinn og vonast félagið til að geta kynnt fljótlega eftir áramót nýja vefsíðu þar sem félagsmenn geta haft aðgang að íbúðunum, séð hvað laust er og bókað sér íbúð – greitt fyrir hana – og sótt sér lykil.

Í þessu sambandi er unnið að mati á mismunandi kostum og er niðurstöðu að vænta innan fárra vikna.

Íbúðir okkar í Reykjavík verða búnar rafrænu aðgangskerfi og félagið stefnir að því að félagsskírteini AFLs verði með segulrönd þannig að félagsskírteini munu virka sem lykilar að

orlofsíbúðum og verður því aðgangur að hverri íbúð opnaður fyrir félagsskírteini viðkomandi félagsmanns sjálfkrafa fyrir leigutímabilið um leið og hann greiðir leiguna.

Jafnhliða því að nýr orlofsvefur félagsins verður opnaður á næstu mánuðum er stefnt að því að jafnframt verði „mínar síður“ á vef AFLs, www.asa.is opnaðar þar sem félagsmenn geta nálgast iðgjaldasögu sína, sögu í sjúkrasjóði, notkun orlofskosta og skjöl sem þeim tengjast. Þá munu félagsmenn ennfremur getað fylgst með málum sem félagið vinnur að fyrir þá.

Það verður nánar skýrt frá þessum málum á næstu vikum en þetta blað er helgað 12 nýjum orlofsíbúðum félagsins en AFL Starfsgreinafélag tekur við fyrstu sex íbúðunum nú á næstu dögum og vonandi verða þær tilbúnar til útleigu um næstu mánaðarmót. Seinni sex íbúðirnar verða afhentar í októbermánuði.

Orlofsíbúðir AFLs eru 15 þar af 12 í Reykjavík og þrjár á Akureyri. Félagið á 22 orlofshús, 19 á Einarssstöðum á Héraði, tvö í Klifabotni í Lóni og eitt á Illugastöðum í Fnjóskadal.



Myndir að austan, myndasamkeppni!

Efnt er til myndasamkeppni þar sem leitað er til félagsmanna um að senda inn myndir frá Austurlandi, myndefnið má vera hvaðeina sem tengist Austurlandi, valdar verða myndir til að stækka og hengja upp í íbúðum félagsins. Eigendur þeirra mynda sem valdar verða fá helgardvöl í íbúðum félagsins. Myndir sendist á myndir@asa.is.





Velkomin á Breiðdalsvík
Kaffihús og Handverk
Í Kaupfélagshúsinu
Sjón er sögu ríkari



Sólvellir 25 - Breiðdalsvík



TOSHIBA
2 | VILD
SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA
15,6"

- Intel Core i5-2410M Turbo Dual Core
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Allt að 6,5 klst. rafhlöðuending

109.990
FULLT VERÐ KR. 129.990



acer
15,6"

- Intel Pentium Dual Core P6100
- 4GB DDR3 minni
- 500GB diskur
- 512MB AMD HD 5470 DX11 skjákort

99.990



23"
SAMSUNG

Með cPVA filmu sem sýnir réttari liti og víðari sjónarhorn

27.990



1TB
WD

1TB FLAKKARI
WD Elements 1TB
Hljóðlátur 1 TB WD Green Power diskur með USB 2.0.

11.990



H.264
TVX

HÁSKERPU SJÓNVARPSFLAKKARI
DViCo TViX S-1
Vandaður háskerpu H.264 margmiðlunarspilar fyrir alla staðla. VFD skjár, USB, LAN, HDMI, Optical tengi o.fl. Spilar af USB lyklum, eSATA, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN.

34.990

TÖLVULISTINN **TL.IS**

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFÖSS • HAFNARFJÖRÐUR

MIDVANGI 2-4 - SÍMI 414 1735 - EGILSSTÖÐUM



Fangelsi á Reyðarfirði - óhagkvæmt

Í vetur var mikið rætt um það að nýta gömlu vinnubúðir ALCOA við Reyðarfjörð sem tímabundna úrlausn fangelsismála. Talsverður biðlisti er eftir afplánun og töldu ýmsir að nýta mætti vinnubúðirnar á meðan verið væri að byggja nýtt fangelsi eða þangað til önnur lausn yrði fundin.

Nýtt fangelsi í nálægð við umfangsmestu dómstólana

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, sagði í samtali við Austurgluggann að sú lausn væri afar óhagkvæm. „Það var gerð könnun á nýtingu vinnubúðanna sem fangelsis og sú könnun leiddi í ljós að það yrði óhagkvæmur kostur“ sagði Ögmundur. Hann vildi taka það fram að það sem væri uppi á borðunum núna væri smíði á fangelsi sem nýttist sem gæsluvarðhalds – og öryggisfangelsi og þar væri lögð sú áhersla á að slíkt fangelsi sé reist á höfuðborgarsvæðinu í grennd við þá dómstóla sem eru umfangsmestir. „Í því samhengi er mikilvægt að hafa rekstrarkostnaðinn í huga hvað

varðar nálægð við dómstóla, þess vegna eru menn að horfa á smíði fangelsis við Hólmsheiði í Reykjavík“ sagði Ögmundur. Hann telur að ef það tekst á næstunni að fara í þá framkvæmd þá sé verið að draga úr þeim þrýstingi og álagi sem myndast hefur á öðrum fangelsum.

Lagabreyting til að létta á biðlistum

Aðspurður út í það hvort vinnubúðirnar á Reyðarfirði hefðu komið til álita sem tímabundin lausn á meðan verið væri að leysa úr þeim bráðavanda sem nú er uppi í fangelsismálum sagði Ögmundur að þann vanda hefði að hans mati ávallt þurft að leysa með öðrum hætti. Hann sagði að „með því að samþykka lög sem nú liggja fyrir á þinginu og verða vonandi afgreidd frá Alþingi í september og snúa að samfélagsafplánun þ.e. að þeir einstaklingar sem þurfa að afplána dóm geti í ríkari mæli fullnustað sinn dóm með samfélagsþjónustu. Með þeirri samþykkt er verið að leysa mesta bráðavandann.“ Að hans mati mun þessi úrlausn

draga verulega úr álagi á fangelsiskerfinu og hann segir að fangelsismálayfirvöld hafi margfalt bent á þessa lausn. Eins og segir í núgildandi lögum þá geta yfirvöld einungis beitt þessu samfélagsúrræði þegar einstaklingur er dæmdur í minna en sex mánaða fangelsi. Samkvæmt nýja frumvarpinu er verið að tala um að lengja þennan tíma í ár. Hann segist vera þeirrar skoðunar að „þetta sé miklu betra fyrir einstaklinginn og samfélagið og að sjálfsögðu fyrir skattborgarana sem ellegar þyrftu að greiða fyrir húsnæði, fæði og þar fram eftir götunum fyrir viðkomandi einstakling.“

Stöðuleyfi rennur út um næstu áramót

Alcoa hefur stöðuleyfi fyrir vinnubúðunum á Reyðarfirði út 2011 og ekki hefur verið sótt um framlengingu samkvæmt heimildum Austurgluggans. Það bendir því allt til, að svo stöddu, að vinnubúðirnar verði fjarlægðar á þessu ári.



365 daga skilareitur í vefverslun!

Fjölnota nuddpúði

- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Titringur

Verð aðeins 17.950 krónur • Fæst í vefverslun okkar

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Frá Menntaskólanum á Egilsstöðum

- Skólinn verður settur mánudaginn 22. ágúst kl. 10 á Sal. Heimavistin verður opnuð sunnud. 21. ágúst kl. 18.
- Fundur með foreldrum nýnema verður haldinn sunnudaginn 4. september kl. 17 á Sal skólans.
- Skólinn býður upp á fjölmarga áfanga í fjarnámi á haustönn 2011.

Áfangaframboð er birt á vef skólans www.me.is undir Fjarnám, þar sem jafnframt er hægt að skrá sig. Umsóknarfrestur rennur út 22. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veita kennslustjórar fjarnáms (fjarnam@me.is).

Skólameistari



Endurskins- merki Sprota komin í útibúin



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Skógræktarfélag Austurlands auglýsir sumarhúsalóðir í Eyjólfsstaðaskógi til leigu.

Eyjólfsstaðaskógur er 11 km innan við Egilsstaði.
Lóðirnar eru í skógi vaxinni hlíð og halla í vestur,
af þeim er falletgt útsýni yfir Héraðið.

Á hverri lóð, innan byggingareits,
er heimilt að reisa eitt hús ásamt útihúsi.

Rafmagn og kalt vatn er á lóðamörkum
og möguleiki á heitu vatni.

Áhugasamir geta leitað upplýsinga
hjá Orra Hrafnkelssyni í síma 894 8845.



Austfirðingar!

Fleiri og fleiri reyna viðskiptin við okkur.

Vöruvalið kemur á óvart. • Ormsteitistilboð í gangi.

Opið virka daga frá kl. 8.00 til 17.00.



Nánari upplýsingar á www.austurlamb.is
Snæfell – kjötvinnsla.
Kaupvangi 23b, Egilsstöðum. • Sími 471 2042
netfang: adalbjorn.sau@gmail.com

STRANDMÖLLEN EHF BÝÐUR UPP Á ALLAR IÐNAÐAR- OG LYFJA- LOFTTEGUNDIR Í ÖLLUM HYLKJASTÆRÐUM

- SÚREFNI
- KÖFNUNAREFNI
- ARGON
- ARGONBLÖNDUR
- KOLSÝRU
- GLAÐLOFT
- HELÍUM



UMBODSADILAR UM ALLT LAND

Selfoss: Vélsmiðja Suðurlands, Gagnheiði 5, sími 482 1980
Ísafjörður: Vélsmiðja Ísafjarðar, Mjósundi 1, sími 847 6668
Akureyri: BSA, Laufásgötu 9, sími 460 7700
Reyðarfjörður: Olís, Búðareyri 33, sími 894 8271
Neskaupsstaður: G Skúlason, Nesgötu 38, sími 895 0610
Vestmannaeyjar: Stökkvitækjaþjónustan, Vesturvegi 40, sími 899 8990

Drangahrauni 1B, 220 Hafnarfjörður
Sími 580 3990
info@strandmollen.is
www.strandmollen.is





VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS

VERKEFNI SEM VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS HEFUR KOMIÐ AÐ
Á ÁRUNUM 2007-2011 ERU FJÖLBREYTT OG DREIFÐ UM ALLAN FJÖRDUNGINN.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF VEITA ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON OLAFUR(HJÁ)AUSTUR.IS
OG HA FLÍÐI H. HA FLÍÐASON HA FLÍÐI(HJÁ) AUSTUR.IS HJÁ ÞRÓUNARFÉLAGI AUSTURLANDS.

VAXA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Auglýst er eftir umsóknum í Vaxtarsamning Austurlands. Umsóknarfrestur er til og með 18. september n.k. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Vaxtarsamningsins www.austur.is og eru umsækjendur einnig hvattir til að kynna sér samninginn á sömu heimasíðu.



BREIÐDALSETUR BREIÐDALSVÍK

Breiðdalssetur er vísinda- og fræðasetur sem tók formlega til starfa í Gamla kaupfélaginu á Breiðdalsvík árið 2008. Starfsemi Breiðdalsseturs er lifandi og er meginmarkmið verkefnisins meðal annars:

- Að kynna sögu hússins og um leið byggðarlagsins.
- Að varpa ljósi á ævi og verk dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns og rithöfundar frá Höskuldstöðum í Breiðdal og stuðla að verndun og vegsemd íslenskrar tungu.
- Að gera jarðfræði Austurlands aðgengilega. Byggt verður á þeirri arfleifð sem breski jarðfræðingurinn dr. George P.L. Walker skildi eftir sig með kortlagningu og öðrum rannsóknum á austfirsku jarðlagastaflanum.

- Að starfsemin verði eftirsótt og gagnist breiðum hópi áhugafólks um vísindi og menningu, og verði þannig góð viðbót við öflugt fræða-, list- og menningarlíf á Austurlandi.



FUGLAVERKEFNI DJÚPIVOGUR

Verkefnið snýst um að efla klasasamstarf um þróun fuglaferðabjónustu á Suðausturlandi. Fuglaskoðun er mjög vinsæl víða og markmiðið með verkefninu er að markaðsetja fuglaskoðun á Íslandi með samræmdum hætti. Fuglaferðabjónusta sem slík er því fremur lítt þróuð hér á landi en tækifærin hinsvegar afar mörg ef rétt er að málum staðið. Fuglar á Suðausturlandi eru nánast algjörlega ónýtt auðlind því hér er afar auðugt fuglalíf m.a. á meðan á fartímanum stendur sem ferðabjónustuaðilar hafa þó lítið sem ekkert reynt að nýta sér. Á undanförunum mánuðum hefur hópur aðila í Djúpavogshreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði tekið sig saman og byrjað að kanna möguleika á markvissri uppbyggingu fuglaferðabjónustu á Suðausturlandi. Markmið hópsins er að mynda formlegan samstarfsklasa helstu hagsmunaaðila sem leiða myndi uppbyggingarstarf í þróun nýrrar þjónustu og vara sem byggja á



einn eða annan hátt á fuglum og/eða fuglaskoðun.



HÚS HANDANNA EGILSSTAÐIR

Uppbygging öflugrar sölumiðstöðvar og vefverslunar sem er opin allt árið og selur gæðavörur í versluninni Hús Handanna á Egilsstöðum. Áhersla verður lögð á gæðavörur úr austfirsku hráefni, til að mynda trjávið, skinni og ull. Eingöngu verður til sölu gæðavara og verða allar vörur valdar af sérstöku gæðaráði. Reynsla af rekstri Húss Handanna sumarið 2010 sýnir að mikill áhugi er fyrir gæðavöru af svæðinu og því mikilvægt að auka fjölbreytni og framboð af slíkri vöru. Markmið er að verkefnið verði sjálfbært til framtíðar og því mikilvægt að leggja leggja áherslu á strax í upphafi að stækka markaðssvæðið þar sem heimamarkaður er mjög lítill.

SAMSTARF ÞÝÐENDA SEYÐISFJÖRÐUR

Markmið verkefnisins er að nýta tækifæri í þeirri byltingu sem orðið hefur í samskiptatekni og gagnaflutningum með netvæðingu landsbyggðarinnar til að skapa ný störf í dreifðum byggðum



VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS ER SAMNINGUR MILLI IÐNAÐARRÁÐUNEYTISINS OG ÞRÓUNARFÉLAGS AUSTURLANDS. MARKMIÐ SAMNINGSINS ER AÐ E FI A NÝSKÖPUN OG SAMKEPPNISHÆFNI ATVINNULÍFSINS Á STARFSSVÆÐI SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI OG AUKA HAGVÖXT MEÐ VIRKU SAMSTARFI FYRIRTÆKJA, HÁSKÓLA, SVEITARFÉLAGA OG RÍKISINS.

fyrir háskólamenntaða aðila. Þýðendur á Austurlandi hafa hug á að taka höndum saman og mynda samstarfsskila til að auka sóknarfæri í þýðingarverkefnum sem unnin verða í heimabygðum samstarfsaðilanna.

Markmiðið er að mynda samstarfsnet, þróa samstarfið, móta þjálfun/nám við hæfi og þá sérstaklega að fá markvissa þjálfun í að þýða texta fyrir ESB sem og að þjálfna sameiginlega upp ákveðna hæfni og sérþekkingu sem nýtt verður þegar boðið verður sameiginlega í stór þýðingarverkefni.

BYGGMJÓLK – MÓÐIRJÖRÐ FLJÓTSDALSHÉRAÐ



Afrakstur verkefnisins er drykkur úr byggi og þeim efnum sem þarf til að ná ásættanlegum eiginleikum. Þessi afurð er grunnur sem hægt er að nota í fjölda vara á líkan hátt og nýmjólk er grunnur fyrir fjölda mjólkurvara. Lagður verður grunnur að fjölbreyttum drykkjarvörum sem verða unnar úr byggi sem ræktað er á Austurlandi. Með byggmjólk er átt við drykk sem byggist á því að ná mikilvægum efnum úr bygginu yfir í vatnsfasa. Byggmjólk getur verið bragðbætt með öðrum efnum en úr byggi. Mikilvægt er að auka verðmæti þess korns sem framleitt er í Vallanesi til að auka tekjur í héraði og fjölga störfum. Með verkefninu eflist kornrækt og vinnsla þess í Vallanesi.

VOPN FI RSKA MATARGATIÐ – GJAFAKARFA



Vopnfirski matargatið er grasrótahópur um smáframleiðslu matvæla. Verkefni þeirra er að hefja samstarf með þróun á gjafavörum/pökkum með vörum úr vopnfirsku hráefni, það er bæði matvælum og öðrum hráefnum.

Byrjað verður á hugmynda- og hönnunavinnu auk þess sem haldin verða námskeið og vinnufundir. Samhliða því verða fyrstu

gjafavörurnar þróaðar. Leitað verður til ráðgjafar við hugmyndavinnu, hönnun og þróun gjafavara.



SJÁLFBÆR VEIÐI BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ

Verkefninu er ætlað að stuðla að komu erlendra veiðimanna til Austurlands frá og með haustinu 2010 til að veiða gæs, rjúpu, mink, ref, svartfugl, hreindýr og endur. Einnig er mögulegt að til komi stangveiði í ágúst og september en fyrst og fremst er horft til skotveiði. Unnið verður í samráði við Útflutningsráð og markaðsfulltrúa á erlendum mörkuðuð með áherslu á Svíþjóð, Finnland, Noreg og Danmörku.

Veiðiferðir þessar verða tengdar matargerð úr villibráð og ferðirnar gerðar áhugaverðari með námskeiðum fyrir veiðimenn og fjölskyldur þeirra um matargerð og fleira sem þeim kann að þykja áhugavert í samfélagi okkar og náttúru.

FLOTT Í VETUR FJARÐABYGGÐ



Markmiðið er að kynna þá þjónustu sem í boði er í Fjarðabyggð undir sameiginlegu útliti og skapa svæðinu sterka ímynd sem frábærs áfangastaðar yfir vetrartímann hvort sem gestir nýta sér skíðasvæðið eða aðra afþreyingu sem er í boði á svæðinu yfir vetrartímann. Skíðasvæðið í Oddsskarði verður kynnt sem eitt af mörgum góðum skíðasvæðum landsins og reynt þannig að auka aðsókn að Fjarðabyggð yfir vetrartímann. Allir þjónustuaðilar að geta nýtt sér skíðasvæðið til að reyna að fá til sín vetrargesti og nota það sem segul og nýtt sér sameiginlegt útlit verkefnisins.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VAXTASAMNING AUSTURLANDS ER HÆGT AÐ FI NNA Á

WWW.AUSTUR.IS

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM SAMNINGSINS SKULU M.A. VERA:

- Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.
- Iðnaðarráðherra skipar fimm manna verkefnastjórn vaxtar-samningsins, þar með talinn formann. Þróunarfélag Austurlands annast framkvæmd samningsins og gerir tillögur til verkefnastjórnar um útfærslu markmiða hans og þeirra leiða sem áætlanir og val verkefna skulu byggja á. Þróunarfélag Austurlands vinnur úr styrkumsóknum og gerir tillögu að styrkhæfum verkefnum og ber undir verkefnastjórn til samþykktar.
- Frá því að fyrsti samningurinn var gerður milli aðila á Austurlandi og Iðnaðarráðuneytisins 2007 hefur Vaxtasamningur Austurlands veitt um 90 styrki til fyrirtækja að upphæð um kr. 120 milljónir.
- Komið er að síðari úthlutun fyrir árið 2011 en fyrri úthlutun fór fram í febrúar síðast liðinn. Samningurinn hefur kr. 20 milljónir á ári til úthlutunar.

0 KR.
ÚT Á LAND

Frír sendingarkostnaður
á fartölvum út á land
í vefverslun og símsölu

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.ELKO.IS/FARTOLVUR

TOSHIBA

SATC6601MT

Örgjörvi

Vinnsluminni

Harður diskur

Skjákort

Skjár

Tengi

Drif

Stýrikerfi

Þyngd

Rafhlaða

Ábyrgð

Intel Core i3 2310M 2,1GHz

4096 DDR3 1066MHz

500GB 5400SN SATA

Intel HD 3000 1696MB (deilt)

15,6" LED baklýsing(1366x768)

2 USB tengi, þröðlaust netkort 802.11b/g/n, 10/100 netkort, innbyggð vefmyndavél, Kortalesari, Bluetooth, VGA, DINA, CD og DVD skrifari

Windows 7 Home Premium

2,54 kg

Allt að 6,3 klst. í notkun.

2 ára neytendaábyrgð

Intel Core i3 örgjörvi

Allt að 6,3 klst. rafhlöðuending

15,6"

109.995

eða 9.736 kr. á mánuði

miðað við 12 mánaða vaxtalust lán, átt 116.632 kr.

MEIRA ÚRVAL
LÆGRA VERÐ

ÚTSTATION
Í ELKO

NÝTT ELKO BLAÐ
Í HVERRI VIKU
Á ELKO.IS

SONY

VPCEH1J1EWEC1

Örgjörvi

Vinnsluminni

Harður diskur

Skjákort

Skjár

Tengi

Drif

Stýrikerfi

Þyngd

Rafhlaða

Ábyrgð

Intel Pentium Dual Core B940 2,0GHz

4096 DDR3 1333MHz

320GB 5400SN SATA

Intel HD

15,5" (1366x768)

4 USB tengi, minniskortalesari, þröðlaust netkort 802.110b/g/n, 10/100 netkort, bluetooth, innbyggð vefmyndavél, VGA, HDMI, CD og DVD skrifarar.

Windows 7 Home Premium

2,7 kg

Allt að 5 klst. ending

2 ára neytendaábyrgð

Intel Dual Core 2,0GHz

Allt að 5 klst. rafhlöðuending

15,5"

129.995

eða 11.453 kr. á mánuði

miðað við 12 mánaða vaxtalust lán, átt 137.436 kr.

hp

HEWLETT
PACKARD

HPG61104EO

Örgjörvi

Vinnsluminni

Harður diskur

Skjákort

Skjár

Tengi

Drif

Rafhlaða

Stýrikerfi

Þyngd

Ábyrgð

Intel Dual Core i3 370M 2,4GHz

4096 DDR2 1066MHz

500GB 5400SN SATA

Intel HD 1699MB (deilt)

15,6" (1366x768) LED baklýstur skjár

3 USB tengi, þröðlaust netkort b/g/n, 10/100 netkort, innbyggð vefmyndavél, HDMI, VGA, minniskortalesari, CD og DVD skrifari

Li-ion 6 sellu

Windows 7 Home Premium

2,55 kg

2 ára neytendaábyrgð

Intel Core i3 örgjörvi

15,6"

99.995

eða 8.878 kr. á mánuði

miðað við 12 mánaða vaxtalust lán, átt 106.536 kr.

VEFVERSLUN ELKO.IS SIMSALA S:575-8115

ÓDÝRT ÚT Á LAND

500 KR (<0,2 m³)

3995 KR (>0,2 m³)

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER, PAKKI SÓTTUR Á NÆSTA PÓSTHÚS.
EF ÞÚ GEFUR UPP GSM NÚMER ÞÁ FÆRÐU SMS UM LEIÐ
OG PAKKINN KEMUR Á PÓSTHÚSIÐ.
GILDIR Í VEFVERSLUN ELKO.IS OG
SÍMSÖLU ELKO S: 575-8115

Vefverslun www.ELKO.is

Símasala 575-8115

Opnunartími símsölu: 11-19 virka daga 11-18 laugardaga

Gildir 19. ágúst - 28. ágúst 2011

ELKO

Restaurant

Safn og bátaleiga



Randulffs-sjóhús

Opið frá 17.00 - 21.00 Júní - September

Also open by arrangement / Einnig opið eftir samkomulagi

Strandgata 96, 735 Eskifjörður Tel: (+354)4771247 / (+354) 6960809

mjoeyri@vortex.is www.mjoeyri.is



Minnum á fræðslusjóðina sem
AFL Starfsgreinafélag
á aðild að!

 Sveitamennt

 Ríkismennt
þróunar- og símenntunarsjóður

 Landsmennt

Laxinn fer ekki upp fyrir Steinbogann

Jökulsá á Dal er vaxandi laxveiðiá og í sumar hefur veiði þar gengið mjög vel. Í sumar hafa veiðst um 290 laxar og því nokkuð ljóst að veiðin í ár mun skila talsvert fleiri lögum en í fyrra en þá veiddust í heildina 349 laxar. Þeir sem koma að veiðifélaginu telja hinsvegar að hin svokallaði Steinbogi sem er í Giljalandi skammt ofan við Þjóðvegshæð hefi mjög möguleika árinnað hvar varðar laxagegn, fjölda veiðistanga og nýtingu á mögulegum veiðisvæðum árinnað meðal annars.

Vilja búa til rás meðfram ánni

Guðmundur Ólason, veiðivörður í Jökulsá á Dal, segir allan lax stoppa neðan við Steinboga á leið sinni upp laxveiðiánnu en hann vill komast aftur í nágrenni við æskuslóðir (sleppingatjarnir). Laxinn kemst hinsvegar ekki í gegnum Steinbogann og bíður því við hylinn fyrir neðan. Guðmundur segir að örfá dæmi séu um það að laxinn hafi komist í gegn en þar sem Jökulsáin er nokkuð vatnslítill sem stendur, þá getur það reynst honum afar erfitt og jafnvel ómögulegt að komast í gegn og nýlega fannst dauður og illa farinn lax við Steinbogann sem hreinlega drapst við þá tilraun.

Hann segir að veiðifélagið vilji láta „fleyg niður og búa til rás meðfram ánni þar sem Steinboginn er sem myndi



Hér kemur ánni niður og undir Steinbogann

þá virka alveg eins og laxastigi. Án þess að fara í urðina (Steinbogann). Enda gengur samkomulagið við landeigendur út á það að fara ekki í urðina og það hefur aldrei staðið til.“ Hann telur að sú aðferð sem veiðifélagið talar um sé sú leið sem valdi minnstum skaða á náttúrunni. „Þetta hefir alla göngu laxins upp á efra svæðið og ánni mun aldrei njóta sín eins og hún gæti án þess að farið sé í þessa framkvæmd“ segir Guðmundur.

Möguleikar árinnað eru miklir og í dag er ánni um 30 km. upp að Þjóðvegshæð og ef veiðisvæðið færi upp

fyrir Steinboga þá bætast við um 70 km og því miklir hagsmunir og möguleikar í húfi.

Hafnað á grundvelli náttúruverndar

Upprunalegu erindi veiðifélagsins var hafnað um framkvæmdaleyfi á sínum tíma af skipulags- og mannvirkjanefnd sökum náttúruverndarsjónarmiða. Í umsögn Umhverfisstofnunar sem snéri að upprunalegu hugmyndum veiðifélagsins en þar var gert ráð fyrir stærri framkvæmd og meiri umhverfisspjöllum segist stofnunin taka undir álit Helga Hallgrímssonar sem birtist í Glettingi (18. árg. 3. tbl. 2008). Í álit Helga kemur fram að mun fýsilegra væri að útbúa 1 til 2 hylji á þessari leið og vernda þar með grjóthrunna en hugsanlega mætti tína steina upp með krana. Í álitinu er lýst algjörri andstöðu við gerð vatnsrásar meðfram urðinni og fullt að slíkt myndi eyðileggja Steinbogann og Þróngina sem náttúrufyrirbæri. Gilið sem Steinboginn tilheyrir er á náttúruminjaskrá og að mati Umhverfisstofnunar er líklegt að hin upprunalega hugmynd komi til með að valda verulegu raski í gljúfrinu. Náttúruverndarsamtök Austurlands tók í sama streng og lagðist gegn fyrirhugaðri framkvæmd í ályktun sinni sem Umhverfis- og héraðsnefnd Fljótsháðs tók undir og vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar sem hafnaði erindinu. Nú hefur verið sótt um endurskoðun á fyrri niðurstöðu nefndarinnar í ljósi nýrra tillagna sem snúa að minni náttúruspjöllum.

Fundað með hagsmunaaðilum

Boðað var til fundar með fulltrúum veiðifélagsins, landeigendum, bæjarstjóra, bæjarráði, skipulags- og mannvirkjanefnd, atvinnunefnd og umhverfis- og héraðsnefnd sveitarfélagsins í Brúarási síðastliðinn mánudag. Þeir stjórnarmenn veiðifélagsins sem Austurglugginn ræddi við voru ánægðir og bjartsýnir eftir þann fund. Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótsháðs, tekur undir með stjórnarmönnum veiðifélagsins og segir fundinn hafa verið gagnlegan og að hann sé viss um að ásætlanleg lausn finnist í málinu fyrir alla aðila. Hann segir að það hafi verið mjög mikilvægt að boða til fundarins til þess að þær nefndir sem koma að málinu geti sótt sér upplýsingar frá fyrstu hendi frá veiðifélaginu og hönnuð verksins.

Stefán segist ekki vera á móti framkvæmdinni en telur að ástæða sé til þess að vanda vel til verka og taka tillit til ólíkra sjónarmiða við ákvörðunarferlið. „Eins og með allar framkvæmdir sem eiga sér stað á svæði sem er á náttúruminjaskrá og svæðum sem njóta ákveðinnar sérstöðu sem náttúrufyrirbæri þá er mjög eðlilegt að upp komi ólík sjónarmið“ segir Stefán. Hann vill fullvissa sig um það áður en tekin er ákvörðun að engir aðrir fýsilegri kostir séu í stöðunni og að sú leið sem er valin muni skila árangri. Hann segist skilja mjög vel hagsmuni beggja aðila þ.e. náttúruverndarhagsmuni og hagsmuni veiðifélagsins og deili ekkert á það að laxinn komist ekki þarna upp fyrir. „Ég vill að tekið sé fullt tillit til hagsmuna beggja aðila við afgreiðslu málsins“ segir Stefán.

Hann segist bjartsýnn á að hægt sé að samtvinna þessi ólíku sjónarmið en telur að allir aðilar ættu að skoða allar mögulegar leiðir til þess að tryggja þá hagsmuni sem eru í húfi. Hann telur nauðsynlegt að fara vel yfir alla kosti sem eru í stöðunni og skoða allar tæknilegar útfærslur þannig að hægt sé að taka sannfærða upplýsta ákvörðun. Með því segist Stefán ekki vera útiloka

það að sú leið sem veiðifélagið talar um sé besti kosturinn heldur vilji hann að hlutaðeigandi aðilar geti tekið afstöðu til ólíkra leiða til að ná tilsettu markmiði.



Steinboginn- þrýstingurinn undir Setinbogannum er það mikill að vatnið kraumar undir

Getur Starfsendurhæfing Austurlands aukið virkni og/eða vinnugetu þína?

www.starfa.is

Starfsendurhæfing Austurlands (StarfA) býður upp á náms- og atvinnutengda endurhæfingu þar sem unnið er að uppbyggingu á andlegri og líkamlegri færni. Endurhæfingin er einstaklingsmiðuð og felst m.a. í heilsutengdri fræðslu, líkamsrækt, andlegri uppbyggingu og verklegri þjálfun. Auk þess er lögð áhersla á nám og/eða starfsþjálfun. Endurhæfingin er þátttakendum ókeypis, en greidd af Velferðaráðuneyti.

StarfA er fyrir:

- Fólk sem hefur verið frá vinnu í lengri eða skemmri tíma vegna veikinda, slysa eða félagslegra ástæðna og vill komast til virkni á vinnumarkaði á ný.
- Fólk sem nýtur veikindalauna, sjúkradagpeninga, endurhæfingar lífeyris, atvinnuleysisbóta, örorkubóta eða framfærslu sveitarfélaga.
- Fólk sem vill auka virkni og atvinnuþátttöku, auka lífsgæði sín, auka menntun eða draga úr örorku.

Móttaka umsókna/tilvísanan stendur yfir en næsta endurhæfingartímabil hefst í byrjun september 2011. Frekari upplýsingar um StarfA og umsóknarferlið veita starfsmenn. Einnig má senda tölvupóst á starfa@starfa.is.

Starfsendurhæfing Austurlands
Tjarnarbraut 39 - 700 Egilsstaðir - 471 2938 &
Búðareyri 1 - 730 Reyðarfjörður - 471 2936



Tæknistörf hjá Alcoa Fjarðaáli



Markmið Alcoa er að vera í fremstu röð í heiminum í framleiðslu og úrvinnslu áls. Hjá Alcoa Fjarðaáli starfar stór og metnaðarfullur hópur tæknimenntaðs fólks með stöðugar umbætur að leiðarljósi. Verkefni eru fjölbreytt og miklir möguleikar eru á endurmenntun og þróun í starfi. Álver Fjarðaáls er staðsett við Reyðarfjörð í fallegu, fjölskylduvænu umhverfi.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störfin.

Verkfræðingur í álframleiðslu

Við leitum að verkfræðingi til að stýra framleiðsluferlum í kerskálum Fjarðaáls. Keralína álversins við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu og öflugustu í heiminum. Álið er framleitt í 336 tölvustýrðum rafgreiningarkerum.

Ábyrgðarsvið

- Stýra og þróa framleiðsluferli kerskála
- Hámarka nýtni kera á sem umhverfisvænstan hátt
- Stilla kerstýringar
- Greina hræfni og gæði afurða
- Tryggja stöðugar umbætur
- Styðja og þjálfa aðra starfsmenn

Hæfniskröfur

- Meistarapróf í efna-, véla-, iðnaðar- eða rafmagnsverkfræði
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu
- Vilji til að leita stöðugra umbóta
- Hæfni til að miðla og þjálfa
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vélfræðingur í málmvinnslu

Við leitum að vönum vélfræðingi til að hafa umsjón með víravél í steypuskála. Ársframleiðsla vélarinnar er allt að 90.000 tonnnum af álvírum sem notaðir eru í háspennustrengi. Unnið er á tólf tíma vöktum frá kl. 8:00 til kl. 20:00.

Ábyrgðarsvið

- Vélgæsla við álvíraframleiðslu
- Samskipti við þá sem stýra málmvinnslunni
- Fyrirbyggjandi viðhald á víravél
- Bilanagreining og viðgerðir
- Greina hættur og stuðla að öryggi starfsmanna
- Styðja og þjálfa aðra starfsmenn

Hæfniskröfur

- Próf í vélfræði (vélstjórn)
- Reynsla af flóknum vélasamstæðum sem nota vökva, loft og rafmagn
- Vilji til að leita stöðugra umbóta
- Hæfni til að miðla og þjálfa
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar veitir Elín Jónsdóttir í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700. Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og er umsóknarfrestur til 22. ágúst 2011.

Hraun 1 · 730 Reyðarfjörður · Sími 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is



PRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS



Próunarfélag Austurlands stendur fyrir málþingi um vistvæna valkosti í samgöngum - Hver er framtíðin?

24. ágúst - Fróðleiksmolinn Reyðarfirði

- **13:00** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra setur málþingið
- **13:10** Græna orkan - hugmyndafræðin og áherslur hins opinbera (Jón Björn Skúlason)
- **13:30** Orkusetrið - Hvað getur almenningur gert til að draga úr mengun? (Sigurður Ingi Friðleifsson)
- **13:50-14:00** Kaffihlé og umræður
- **14:00** Mannvit - Kynning á skýrslunni „Vistvænar almenningssamgöngur“ samanburður á vistvænu eldsneyti fyrir samgöngur á Austurlandi. (Freyr Ingólfsson efnaverkfræðingur hjá Mannvit)
- **14:20** N1 - Framtíðarsýn og valkostir í boði (Magnús Ásgeirsson, eldsneytiskaup N1)
- **14:40-14:50** Kaffihlé og umræður
- **14:50** Austfjarðaleið - Ábyrgð fyrirtækja í fólksflutningarekstri (Hlífur Þorsteinsson frkvstj. Austfjarðaleiða)
- **15:10** Alcoa Fjarðaál - Stefna Alcoa varðandi vistvæna orkugjafa (Guðmundur Sveinsson sérfræðingur í umhverfisteymi Alcoa)
- **15:30-16:00** Léttar veitingar og umræður

Fundarstjóri verður Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Frá kl. 10:00-12:00, 24. ágúst gefst almenningi kostur á að prófa rafmagnsbíl frá Grænu Orkunni, upplýsingar veitir Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, skráning á málþingið sendist á: asta@austur.is.



European Union
European Regional Development Fund



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA



Orkusetur

Alþingiskosningar í nýrri stjórnaðarskrá

Eitt stærsta viðfangsefni stjórnlagaráðs var fyrirkomulag kosninga og kjördæmaskipan. Flestar tilhaganir þessara mála hafa verið umdeildar en ekki ætla ég að fjalla um það í þessum pistli heldur til lögu stjórnlagaráðs. Greinin um alþingiskosningar er svohljóðandi:

39. gr.

Alþingiskosningar.

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára.

Því er ekki að leynd að skiptar skoðanir voru innan stjórnlagaráðs um tölu þingmanna. Voru uppi sjónarmið um fækkun og fjölgun. Niðurstaðan var að hafa óbreyttan þingmannafjölda og var það gert með tilliti til nefndarstarfa á alþingi og ekki síður hins að halda uppi tölu landsbyggðarþingmanna.

Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.

Sterk krafa var frá þjóðfundi að atkvæði allra landsmanna skyldu vega jafnt. Eftir því fór stjórnlagaráð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem reifuð verða hér á eftir.

Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.

Krafan um að landið skyldi vera eitt kjördæmi vó einnig þungt á þjóðfundi. Komst stjórnlagaráð að þeirri niðurstöðu að slíkt fyrirkomulag yrði of stórt skref og hagur landsbyggðarinnar ekki nægilega tryggður. Var því ákveðið að gefa lögjafanum ákveðið svigrúm í þessu efni og þó heimilt sé að hafa landið eitt kjördæmi mun það tæplega gerast í einu stökki. Að geta fjölgað kjördæmum hefur þýðingu farið íbúapróun á skjön við spár.

Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.

Fjórða málsgreinin kveður á um að framboðum sé heimilt að bjóða fram hvort sem er í einstökum kjördæmum sem og landsvísu. Þannig geta frambjóðendur verið kjósendum valkostur í sínu heimakjördæmi á kjördæmalista en einnig kjósendum annarra kjördæma á landslista.

Kjósendi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka.

Fimmta málsgreinin fjallar um val kjósenda. Opnað er á persónukjör innan flokkakerfisins, þ.e. kjósendur geta valið milli frambjóðenda af öllum listum og þannig ráðið röð þeirra. Þeir kjósendur sem einungis merkja við listabókstaf síns flokks eru með því að kjósa alla frambjóðendur listans og dreifa atkvæði sínu jafnt yfir þá alla. Alþingi er í lokasetningu þessarar málsgreinar veitt heimild til að einskorða val kjósenda við einn flokk og frambjóðendur hans hvort sem er í kjördæmum eða landslista. Noti alþingi þetta heimildarákvæði takmarkast val kjósenda við frambjóðendur eins flokks.

Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu.

Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.

Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin.

Ofangreind málsgrein tiltekur að heimilt sé að kjördæmabinda allt að 30 þingsæti sem forgangsraðast þá eftir landshlutum en þess jafnframt gætt að atkvæðafjöldinn að baki hvers og eins þingmanns raski ekki jöfnu atkvæðavægi á landsvísu. Sem þýðir í raun að íbúafjöldi hvers kjördæmis verður að vera nægilega mikill til að standa undir þessari jöfnun. Miðað við 63 þingmenn má búast við 30 kjördæmakjörnum þingmönnum og 33 landskjörnum þingmönnum. Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.

Niunda málsgreinin er nýnæmi. Kynjajöfnun á alþingi er keppikefli og leið stjórnlagaráðs sú að gefa lögjafanum svigrúm til að heimila framboðum að hampa þessum sjónarmiðum þannig að kjósendum sé slíkt ljóst fyrir kosningar en kosningaúrslitunum sjálfum ekki hnikað. Þetta ætti að stuðla að jöfnun kynjahlutfalls án þess þó að hnika til lýðræðinu.

Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra.

Loks skal geta eins sem er ógetið. Í dag er þröskuldur framboða til að ná inn á þing 5%. Þetta er gert til að hindra innkomu smáflokka sem að sumra áliti veikja virkni þingsins. Enginn þröskuldur er á hinn bóginn talinn lýðræðislegri og opnar fyrir málþípur sem annars heyrðust ekki í þingsal. Afstaða ráðsins var sú að velja síðari kostinn og koma þannig betur til móts við val kjósenda. Þingþröskuldur er því hvergi að finna í tillögum stjórnlagaráðs.

Samantekið má segja að nógu margir innan stjórnlagaráðs töldu kjördæmi betur verja hag landsbyggðarinnar, tryggja henni tiltekinn fjölda þingmanna og þar með slagkraft. Landsbyggðin mætti illa við að missa þau litlu áhrif sem hún hefur og þar að auki er megn stjórnsýslunnar í höfuðstaðnum. Afnáam kjördæmanna yrði því mikil blóðtaka fyrir landsbyggðina. Því var reynt að finna sameiginlega lausn sem sætt gæti sjónarmið þéttbýlis og sveita. Niðurstaðan varð kjördæmi samhliða landskjöri. Þannig geta kjósendur hvaðanæva á landinu kosið fulltrúa í sínu heimahéraði en jafnframt valið hvern sem er á landsvísu. Kjördæmunum er tryggður lágmarksfjöldi þingmanna en stærð kjördæma skal vera þannig að atkvæðafjöldi hvers kjördæmakjörins þingmanns sé samsvarandi landskjörnum þingmanni. Með þessu er tekið tillit til jafns vægis atkvæða sem og búsetusjónarmiða. Hitt nýnæmið er persónukjör. Kjósendur þurfa ei lengur að taka við matseðli stjórnmálaflokkanna heldur geta sjálfir valið sína eftirlætisrétti. Ekkert er til fyrirstöðu að einstaklingar bjóði fram en boðað persónukjör stjórnlagaráðs miðast við óbreytt flokkakerfi og felur ekki í sér kollvörpun á því.

Lýður Arnason, lækni og fyrrum fulltrúi í stjórnlagaráði.

Stefanía
Kristinsdóttir

Hugleiðing



Sögufölsun?

Undirrituð er nýverið komin heim úr ferð á Íslendingaslóðir í Kanada. Ein af eftirminnilegustu upplifunum í ferðinni var heimsókn á Minnisoda Museum þar sem við fengum leiðsögn af afar vel upplýstum og skemmtilegum ungum manni um sögu fylkisins frá fornsögulegum tíma fram í nútímann.

Eitt af því sem hann kom inn á var saga frumbyggjanna þ.e. indíánanna. Þar fjallaði hann um hvernig indíánasamfélögin ferðudust um sléttur og skóga eftir árstíðum og sömuleiðis um samfélagsstrúktúr þeirra og verkaskiptingu. Fram kom að hlutverk karlpeningsins hefði verið að stunda veiðar og eldra fólk hafði það hlutverk að passa og kenna börnum og ungmennum. Konurnar báru ábyrgð á tjaldbúðunum, sáu um að tjalda bæði til sumar- og vetrarsetu, ræktuðu korn og grænmeti o.s.frv. Höfðingjar samfélagana voru konur enda báru þær ábyrgð á þeim í fjarveru karlanna sem voru á veiðum. Þessi staðreynd er ekki í samræmi við þær hugmyndir sem við höfum fengið úr kúrekamyndunum, eða hvað?


Ástæður þessara fólsku myndar af veruleikanum voru þær að þegar vestrænir menn komu í indíánabyggðir og til að kaupa skinn þá vildu þeir tala við höfðingjann, þá voru þeir leiddir til konunnar sem stjórnaði byggðinni. Þeir voru ekki sáttir við leiðsögnina og ítrekuðu beiðni sína, þá voru þeir leiddir til næstráðandi konu o.s.frv. Þegar indíánakonunum varð ljóst að hinn hvíti karlmaður kærdi sig ekki um að eiga viðskipti við konurnar sem stýrðu samfélögunum þá ákváðu þær að finna einhvern af eldri mönnunum til að sjá um viðskipti við hvítu mennina, hann var dressaður upp og útbúið fyrir hann höfðinglegt sæti. Kættust þá karlar og viðskipti gátu átt sér stað. Þessi ráðstöfun breytti því ekki að konur héldu áfram að bera ábyrgð á indíánasamfélögunum þangað til að vestrænir menn stráfelldu indíánana og ráku þá burt af landinu sem þeir höfðu þá að eigin sögn bæði uppgötvað og yfirtekið.

Þess má geta að hugmyndir um sjálfbæra þróun eru frá indíánum komnar samanber málsháttinn „því klókari sem þú ert, þeim mun færri spor skilur þú eftir þig“. Það er spurning hvort samfélagsskipan og hugmyndafræði indíánanna muni í auknu mæli ryðja sér rúms í nútímasamfélögum til að komast í veg fyrir hlýnun og eyðileggingu jarðarinnar og hnignun samfélaga vorra. En þarf þá ekki um leið að endurskrifa söguna?

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A.fundur Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,
laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
þriðjud. kl. 20:30,
safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
í safnaðarheimilinu.

GARÐYRKJA



SÓLSKÓGAR ehf.

opið virka daga 10-16, og eftir
samkomulagi. Veffang solskogar.is
Framleiðsla í heimabyggð

KIRKJUSTARF

Sunnudagurinn 21. ágúst
Egilsstaðakirkja:
Messa kl. 11:00. Kyrrðarstund í safnaðar-
heimili mánudaga kl. 18, prestur til viðtals
þri.-fim. kl. 10-15
Skriðuklaustur:
Guðsþjónusta við rústir gömlu klaustur-
kirkjunnar kl. 16:30

ANNAÐ



Allur útbúnaður fyrir heimilishænur á einum stað.
Hænsnakofar í nokkrum stærðum, fóður- og
drykkjardallar, fóður, útungunarvélar í nokkrum
stærðum o.fl. Útvegum einnig hænur í varpi.
Ísbú búrestrarvörur – www.isbu.is
Sími 571-3300



www.akurinn.is

**Velkomin
til Akureyrar**

Akurinn
Gistiheimili

Brekkugötu 27a • Akureyri • Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is • www.akurinn.is

FLUTNINGAR

FLUTNINGAR

Mánudaga - þriðjudaga
Austurland-Reykjavík-Austurland
VFS
Héðinsgata 1-3
105 Reykjavík
Sími 533-2211

Fimmtudagar
Egilsstaðir-Vopnafjörður-Egilsstaðir



Austurfrakt

Lagarbraut 7 - 700 Egilsstaðir
Sími 471-1112
WWW.AUSTURFRAKT.IS
AUSTURFRAKT@AUSTURFRAKT.IS



EIMSKIP

Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpivogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960



MMC PAJERO 3,2 DID
33" 7 manna, skr. '02, ek., 220.000 km.
Verð 2.400.000.-



Kia SPORTAGE CLASSIC
Skr. '00, ek. 136.000 km.
Verð 560.000.-



**BÍLASALA
AUSTURLANDS**

Fagradalsbraut 25 • 700 Egilsstöðum

471 3005 • 471 3008
www.b1.is

HÁR & SNYRTING



há.r.is
Fellabæ 471 2404

Opið virka daga 9:00 - 17:00

HÁRHÖLLIN

Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331

Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

**Brekkan
Stöðvarfirði**

Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl.
11:00 - 20:00, sími 475 8939.



TÆRGESEN

Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555

Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



**EGILSSTAÐIR
HOTEL & RESTAURANT**
Hotel by the Lake

www.egilsstadir.com • sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið

Eldhúsið opið alla daga 12 til 21

INNANSTOKKS



BRÚNÁS
innréttingar

Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

TRYGGINGAR/ÖRYGGI



SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá • Miðvangi 1 • 700 Egilsstöðum
Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

MARKAÐUR



**TOPP
HLUTIR**

Miðás 7 • sími 471 3002

Opið virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 17

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



**RÉTTINGAVERKSTÆÐI
SVEINS EHF**
RÉTTINGAR
SPRAUTUN
DEKK
PRÍF
Sími: 477-1169
RV@SIMNET.IS

BÍLAMÁLUN EHF
EGILSSTÖÐUM
S:471-2005 GSM:897-7766

Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaleiga.
Opið virka daga kl. 8-18



BÍLAFELL

Smíðjusel 5 • Fellabæ
700 Egilsstaðir • s: 471 1696



**BÓN & PÚST
ÞJÓNUSTA**

Opið mánud.-föstud. kl. 8-12 og 13-18
Lyngás 5 • 700 Egilsstaðir • sími 471 3113

BÍLA OG VÉLAVERSTÆÐI



**RAFEY
EGILSSTAÐIR**

Sími 471 2013 • www.rafey.is
Miðási 11 • 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélapjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART




Birta

Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði

Lagarás 8 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990


ÞVOTTAHÚS



ÞVOTTAHÚS
HEBARNESJÓ
ÞVOTTAHÚS
FAGRAÐSBRÁUT
LEIGJUM ÚT
TEPPAHREINSVÉL
474-1274
REYÐARFIRÐI

Opið 7-12 og 13-17 • 474-1274

**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Geríð verðsamanburð**



HEF
HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA

Hvetur til veiða utan kvóta

Jón Gunnar Björgvinsson, formaður samtaka íslenskra fiskimanna, skorar á alla kvótalausa félagsmenn sína að halda til veiða og mótmæla þannig mismunun og mannréttindabrotum stjórnvalda

Viðbrögðin góð

Í viðtali við Austurgluggann segir Jón Gunnar að viðbrögðin við þessari ákvörðun hafi verið góð „enda kemur frumkvæðið frá útgerðarmönnum í félaginu okkar. Áskorunin var send út til allra félagsmanna samtakanna eftir

að töluverður fjöldi manna höfðu list því yfir að þeir ætluðu að róa“ segir Jón Gunnar. Síðan umfjöllun um áskorunina hófst hefur talsverður fjöldi óskað eftir aðild að samtökunum. Hann segist eiga von á því að fjölmargir verði við áskoruninni en enn hefur ekki verið ákveðið hvenær haldið verður til veiða.

Knýja stjórnvöld til aðgerða

Aðspurður hverju samtökin hyggjast ná fram með þessari aðgerð segist Jón vongóður um að þessar aðgerðir

séu það eina sem að geti breytt þessu kerfi. „Þrátt fyrir að ég hafi, rétt eins og fjöldi annarra, ekkert traust á Hæstarétti lengur þá hef ég ekki trú á því að dómurinn sé tilbúinn til að dæma menn fyrir það að ró til fiskjar án kvóta; vitandi það að málinu yrði vísað til alþjóðastofnana. Síðan Mannréttindanefnd SP komst að þeirri niðurstöðu að kerfið standist ekki jafnræðisákvæði sáttmála um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hefur ekkert breyst. Það verður því að knýja stjórnvöld til aðgerða“ segir Jón Gunnar.

Strandveiðar ljótur leikur ríkisstjórnarinnar

Hann segir að strandveiðar gagnist sumum félagsmönnum samtakanna og smábátaeigendum en segir að „flestum er lítið gagn í þeim“ aðspurður um það hvort strandveiðar hafi ekki náð tilætluðum árangri. „Þegar farið var af stað með þessar veiðar var látið að því liggja að þetta væri aðeins fyrsta skrefið, en látið hjá líða að nefna að fleiri yrðu þau ekki. Þarna voru gefin fólks loford sem að urðu til þess að fjöldi manna fengu sér báta til þess að skapa sjálfum sér atvinnu. Það kom svo í ljós að ekki stóð til að gera strandveiðar þannig úr gærni að hægt væri að lifa á þeim. Með þessu voru fjöldi manna orðnir ver settir en áður, þar sem að þeir höfðu vinnu nokkra daga á mánuði, 4 mánuði á ári, en voru orðnir mun skuldsettari en áður. Hvernig ríkisstjórnin spilaði úr þessu var að mínu mati afar ljótur leikur. Mann dettur í hug orðið hefndargjöf þegar rétt er um strandveiðarnar“ segir Jón Gunnar.

Fjallahringur Breiðdals

Um síðustu helgi opnaði ljósmyndasýning um fjallahring Breiðdals. Tilgangur sýningarinnar er eins og segir í fréttatilkynningu, að hvetja til upplýsingaöflunar með því að fá gesti sem koma á sýninguna til að

skrifa inn á myndirnar örnefni, sögur tengdar stöðum, náttúrulýsingar eða hvað það sem þeim dettur í hug sem tengist stöðum í Breiðdalnum. Myndirnar á sýningunni tók Sandra Mjöll Jónsdóttir.

Breiðdalssetur er opið alla daga vikunnar kl. 11:00 - 18:00 til 31. ágúst. Sumarsýning Breiðdalsseturs um Dr. Stefán Einarsson málvísindamann og Breiðdæling stendur enn yfir og mun standa yfir út ágústmánuð.

MATGÆÐINGUR VIKUNNAR



Nautasteik í ofni - Fyrir 4 til 6 manns

1,5 kg nautabógsteik
1 msk. olívuolía
1 stk. laukur, skorinn í bita eftir smekk
4 rif hvítlaukur, fínsaxaður
½ bolli rauðvín
3 stk. gulrætur,
flysjaðar og skornar í strimla
1 stk. paprika, skorin í strimla
3 stk. sveppir, skornir í sneidar
Salt og pipar, einnig má notast við piparblöndu.

Aðferð
Hitíð ofninn upp í 90°C. Notið pott eða ílát með loki sem má setja í ofn. Byrjið á því að strá og nudda salti og pipar á nautavöðvann og brúnið í pottinum upp úr olíu í nokkrar mínútur á hvorri hlið. Þegar búið er að brúna nautavöðvann bætið þá rauðvíni, lauk, hvítlauk, gulrótum, papriku og sveppum í pottinn. Setjið lokið á og inn í ofn. Eldið í 2 ½ klukkustundir eða þar til kjarnhiti vöðvans hefur náð 55° til 60°.
Gott að bera fram með kartöflum og baunum.

Nautavöðvinn er hægeldaður við lágan hita til þess að hann baldist meir og bragðgóður. Ýmsir nautavöðvar koma til greina sem gott er að elda á þennan hátt en hér er notast við bógsteik frá kjötvinnslunni Snæfell á Egilsstöðum.

Aðalbjörn Jónsson
Framkvæmdastjóri Snæfells

Tryggðu þér áskrift að fréttablaði Austfirðinga



Skopmynd vikunnar - Vísahorn
Austfisk málefni krufin til mergjar
Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð
Fréttabréf Fljótsdalshéraðs - Fréttabréf Fjarðabyggðar.
Veljum austfirskt alla leið...

Sendu netpóst á auglysing@austurglugginn.is eða hringdu í síma 477-1571.

Úrslitaleikur Launaflsbikarsins

Boltafélag Norðfjarðar og Knattspyrnuakadémía Hornafjarðar mætast í úrslitum Launaflsbikarsins í knattspyrnu. Leikurinn fer fram á Fellavelli sunnudaginn 21. ágúst klukkan 18:00. Norðfirðingar tryggðu sér þátttökurétt í úrslitaleikum þriðja árið í röð með því að leggja Spyrnismenn af velli í undanúrslitum á Norðfirði, 2-0. Boltafélagið tapaði fyrir Spyrni árið 2009 og fyrir Hrafnkeli/Neista í vítaspyrnukeppni í fyrra. Hornfirðingar taka nú þátt í Launaflsbikarnum í fyrsta sinn og spila heimaleiki sína á Djúpavogi. Þeir slógu út ríkjandi meistara 3-5 á Staðarborgarvelli fyrir skemmstu.

Námskeið í greiningu grasa og stara

Náttúrustofa Austurlands stendur fyrir vinnustofu fyrir áhugafólk um íslenska náttúru og plöntunytjar í greiningu grasa og stara, 3. – 4 september. Á námskeiðinu gefst fólki kostur á að læra að þekkja íslenskan gróður. „Áætlað er að skoða plöntur, einkum grös og starir og læra undirstöðuatriði í notkun greiningarlykla til að greina þær“ segir í fréttatilkynningu Náttúrustofu Austurlands. Leiðbeinandi

verður Guðrún Á. Jónsdóttir Farið verður í vettvangsferðir þar sem umfjöllunarefnið verður krufið til mergjar. Farið verður yfir helstu hugtök, plöntur greindar og eintökum safnað saman til tegundagreiningar. Námskeiðið verður haldið á Reyðarfirði og hefst klukkan 13 á laugardeginum og 10:00 á sunnudeginum. Hægt er að skrá sig á vef Náttúrustofu Austurlands, www.na.is.

KLÁRLEGA TÖLVA HANDA ÞÉR

Lenovo vélar eru harðduglegir vinnuhestar sem taka hraustlega á því með þér í skólanum og skila þér vel áfram í félagslífinu. Vertu klár í hvað sem er í vetur, smelltu á netverslun.is og skoðaðu úrvalið.

- 3 ára ábyrgð
- Traustur þjónustuaðili
- 6 mánaða vaxtalaus lán
- Frí heimsending*



*Frá netverslun í ágúst og september



Lenovo ThinkPad E520

Intel Pentium 2,0 GHz örgjörvi
4 GB minni
500 GB diskur
15,6" glampafrír skjár
Innbyggð myndavél
Vökvapolið lyklaborð

Verð aðeins **89.900 kr.**

Lenovo ThinkPad E520

Intel Core 2,1 GHz örgjörvi
4 GB minni
500 GB diskur
15,6" skjár
Innbyggð myndavél
Vökvapolið lyklaborð

Verð aðeins **119.900 kr.**

Lenovo ThinkPad E325

AMD E350 örgjörvi
4 GB minni
320 GB diskur
13,3" skjár
Innbyggð myndavél
Vökvapolið lyklaborð

Verð aðeins **119.900 kr.**

Lenovo ThinkPad E320

Intel Core 2,1 GHz örgjörvi
4 GB minni
320 GB diskur
13,3" glampafrír skjár
Innbyggð myndavél
Vökvapolið lyklaborð

Verð aðeins **149.900 kr.**

lenovo
ThinkPad